# FRÉTTABLAÐIÐ

191. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 15. ÁGÚST 2018




„Harmleikur sem þessi má ekki endurtaka sig,“ sagði Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu, þegar hann virti fyrir sér rústirnar í Genúa þar sem fjölfarin brú hrundi í gær. Alls létust 26 í óhappinu. Um 30 bílar og önnur farartæki voru á brúnni þegar eldingu laust niður í hana með þeim afleiðingum að hún hrundi um 50 metra á jörðina fyrir neðan. NORDICPHOTOS/GETTY

# WOW hyggst sækja sér allt að 12 milljarða

**Pareto hefur umsjón með 6 til 12 milljarða skuldabréfaútboði sem á að klárast á næstu vikum. Útgáfan hugsuð sem brúarfjármögnun fram að útboði og skráningu WOW air á markað innan 18 mánaða. Afkoman versnað mikið og eiginfjárhlutfallið undir 5 prósentum.**

**VIÐSKIPTI** WOW air áformar að sækja sér sex til 12 milljarða króna með útgáfu skuldabréfs til evrópskra fjárfesta. Flugfélagið hefur gengið frá samkomulagi við verðbréfafyrirtækið Pareto Securities sem mun hafa umsjón með skuldabréfaútboðinu sem á að klárast á allra næstu vikum.

Fram kemur í drögum að fjárfestingakynningu Pareto vegna útboðsins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að skuldabréfaútgáfan sé hugsuð sem brúarfjármögnun fram að áformuðu frumútboði WOW air innan næstu 18 mánaða. Þá hyggst flugfélagið sækja sér nýtt hlutafé og yrði í kjölfarið skráð á markað en í dag er Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, eini hluthafi félagsins.

Rekstrarumhverfi íslensku flugfélaganna er afar erfitt um þessar mundir, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkandi olíuverðs. Afkoma WOW air, eins og í tilfelli Icelandair, hefur versnað til muna á þessu ári. Í fjárfestakynningu Pareto er meðal annars upplýst að rekstrartap félagsins fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt (EBIT) á síðustu tólf mánuðum hafi verið 45 milljónir dala, jafnvirði fimm milljarða króna, en tapið var um 1,5 milljarðar allt árið í fyrra.

> **3**
> milljarðar er áætlað rekstrartap WOW air 2018 miðað við 1,5 milljarð í fyrra.

Eiginfjárhlutfall WOW air var aðeins um 4,5 prósent í lok júní borið saman við 10,9 prósent í árslok 2017. Eigið fé nemur 14 milljónum dala en auk þess hefur Títan, fjárfestingafélag Skúla, veitt flugfélaginu víkjandi lán upp á sex milljónir dala. Í kynningunni er greint frá því að lausafjárstaða WOW hafi batnað um 28 milljónir dala á fyrri árshelmingi þegar félagið fékk fyrirframgreiðslu vegna sölu á tveimur Airbus A321 þotum í nóvember sem félagið leigði síðan aftur.

Fyrir utan sex milljóna evra lán frá Arion banka, sem er á gjalddaga í september 2020, þá er fyrirhuguð skuldabréfaútgáfa eina langtíma markaðsfjármögnun flugfélagsins. Samtals námu vaxtaberandi skuldir WOW air, einkum fjármögnunar- og rekstrarleigusamningar, hins vegar um 590 milljónum dala um mitt þetta ár. **– hae / sjá Markaðinn**

## Jón Gnarr ljær Oki rödd sína

**MENNING** „Við heyrðum söguna af Oki, þessum litla jökli sem hafði minnkað svo mikið að hann taldist ekki lengur jökull,“ segir Dominic Boyer, prófessor í mannfræði. Hann hefur ásamt kollega sínum gert heimildarmynd um Ok.



Jón Gnarr kemur við sögu en hann ljær fjallinu rödd sína.

„Í myndinni er Ok áhugaverð persóna sem finnst það aðeins hafa verið vanrækt af mannfólkinu, það er ekki jafn þekkt og fjöllin og jöklarnir í nágrenninu,“ segir Boyer. **– sar / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Formaður SAF skrifar um græðgi og grátkóra. **9**

**SPORT** Silfrið framar björtustu vonum segir Fanney. **10**

**TÍMAMÓT** Landnámsbær telst fundinn í Sandvík á Ströndum. **12**

**LÍFIÐ** Dæma hluti, sem hafa aldrei verið dæmdir. **20**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg austlæg átt í dag en norðaustan 8-13 norðvestan til um tíma nálægt hádegi. Víða dálítil rigning eða skúrir en úrkomulítið suðvestanlands í kvöld. Hiti 7 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Ákærð fyrir meiri háttar skattalagabrot

**DÓMSTÓLAR** Kona á Norðurlandi hefur verið ákærð af héraðssaksóknara fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum vegna rekstrar byggingafélags á árunum 2010-2012.

Konan, sem var daglegur stjórnandi fyrirtækisins, stóð ekki skil á virðisaukaskattskýrslum fyrirtækisins á lögmætum tíma á þessum árum og stóð ekki skil á virðisaukaskatti á sama tímabili sem nam rúmum 16 milljónum króna. Konan stóð heldur ekki skil á staðgreiðslu sem haldið var eftir af launum starfsmanna allan þennan tíma. Nam staðgreiðsla starfsmanna um níu milljónum króna.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra á næstu dögum. Konan getur átt yfir höfði sér þunga refsingu, verði hún fundin sek. **– sa**

# Barist um montréttinn



**Lúðrasveitin Svanur, Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveit verkalýðsins mættust í Hljómskálagarðinum í Reykjavík í gær. Þar öttu þær kappi í „lúðrasveitabattli“ en keppni sveitanna er árleg. Reglur keppninnar eru niðurnegldar en þó veit enginn hvernig þær eru. Var barist þar til allur vindur var úr hljómsveitarmeðlimum en sigurvegarinn hlaut að launum farandbikar og montréttinn í heilt ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Félagið leggst gegn laxeldi í opnum sjókvíum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Veiðifélag til liðs við landeigendur

**STANGVEIÐI** Stangaveiðifélag Reykjavíkur, sem tekið hefur Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi á leigu, kveðst munu berjast gegn sjókvíaeldi í Djúpinu.

Í yfirlýsingu vegna leigusamningsins segir að SVFR hafi „heitið því að leggjast á árarnar með bændum og landeigendum í baráttunni gegn laxeldi í opnum sjókvíum“. Félagið leggist alfarið gegn slíkum hugmyndum enda séu þær mikil ógn við lífríki og laxastofna. „Ekki aðeins er áin besta laxveiðiá Vestfjarða, heldur er svæðið allt stórfenglegt,“ segir í tilkynningu SVFR. **– gar**

**» Samið var um leigu á Laugardalsá í fjögur ár, frá og með næsta sumri**




# Jón Gnarr er rödd Oks í nýrri heimildarmynd

**Heimildarmynd um fjallið Ok, sem var jökull til ársins 2014, verður frumsýnd í Reykjavík á föstudaginn. Kvikmyndagerðarmennirnir eru tveir bandarískir mannfræðiprófessorar sem hafa rannsakað hlýnun jarðar og bráðnun íss.**

**MENNING** „Við heyrðum söguna af Oki, þessum litla jökli sem hafði minnkað svo mikið að hann taldist ekki lengur jökull. Þetta var eitthvað í fréttum á Íslandi en fékk enga athygli utan landsins. Við gerðum þessa mynd þar sem okkur langaði að segja þessa sögu,“ segir Dominic Boyer, prófessor í mannfræði við Rice-háskóla í Houston í Bandaríkjunum. Hann hefur ásamt kollega sínum, Cymere Howe, gert heimildarmynd um Ok sem verður frumsýnd í Bíói Paradís á föstudaginn kl. 17 og er aðgangur ókeypis.

Titill myndarinnar er Not Ok og vísar bæði í heiti fjallsins sem taldist jökull til ársins 2014 en er líka leikur að orðum um að hlýnun jarðar og afleiðingar hennar séu ekki í lagi. Þau Dominic og Cymere hafa komið reglulega til landsins undanfarin ár. Fyrst komu þau vegna tengsla sinna við Jón Gnarr og Besta flokkinn en fengu svo áhuga á íslenskri náttúru og hvernig hún væri að breytast vegna hlýnunar jarðar.

„Við reynum að beina athyglinni að afleiðingum þessa atburðar sem virkar kannski ómerkilegur í stóra samhenginu en er samt svo lýsandi fyrir það mikilvæga viðfangsefni sem loftslagsbreytingar eru,“ segir Cymene.

Hún segir myndina einnig fjalla um það hvernig viðhorf Íslendinga til jökla hafi breyst. „Áður fyrr voru jöklar taldir skelfilegir og hættulegir staðir þar sem fólk gat dáið. Núna eru jöklar eitthvað sem þarf að varðveita og halda í.“

Leikstjórinn Ragnar Hansson vann með prófessorunum að gerð myndarinnar og þá kemur Jón Gnarr við sögu en hann ljær fjallinu rödd sína. Dominic segir að þau hafi viljað gera fjallið að persónu í myndinni og þar með heiðra þá hefð Íslendinga að persónugera náttúruna.

„Fjöll horfa líka á hlutina í miklu lengra samhengi, þetta fjall er búið að vera þarna í óratíma og hefur séð jökulinn koma og fara. Í myndinni er Ok áhugaverð persóna sem finnst það aðeins hafa verið vanrækt af mannfólkinu, það er ekki jafn þekkt og fjöllin og jöklarnir í nágrenninu.“

Cymene segir það líka áhugavert hversu fáir sem þau ræddu við hafi komið á fjallið. „Jafnvel fólk sem býr í næsta nágrenni við Ok hefur aldrei komið á fjallið. Sem mannfræðingar vinnum við augljóslega mikið með fólk en með því að persónugera Ok vildum við ekki gera það að manneskju. Við vildum koma á samtali fjallsins og fólksins.“




**Auk frumsýningar myndarinnar Not Ok, standa þau Dominic og Cymene fyrir ferð að fjallinu Oki næstkomandi laugardag.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dominic segir hlutverk Jóns Gnarr mikilvægt. „Hann er fyndinn og kemur með húmor í myndina sem skiptir miklu máli. Við vildum ekki gera jöklamynd eins og þær sem eru með stórfenglegum og dramatískum atriðum þar sem ísinn hrynur. Okkur finnst erfitt að tengja við slíkt, þær minna meira á heimsendamyndir.“

Að sögn Dominic var það mjög mikilvægt í þeirra huga að hafa frumsýninguna í Reykjavík svo allir þeir sem tóku þátt í gerð hennar gætu komið. „Við munum svo reyna að koma henni á kvikmyndahátíðum. Vonandi verður hún sýnd oftar á þessu og næsta ári. En þótt þetta verði eina sýningin verðum við samt ánægð. Það yrði þess virði.“

**sighvatur@frettabladid.is**




# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

– með námi hjá Promennt

## SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Sérlega víðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

EINSTAKT VERÐ
Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 88.000 kr. (heildarvirði er 580.000 kr.).

FYRIR HVERJA?
Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldri og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU
Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri á að læra á eigin forsendum.

Hefst **6. september** • **Kvöldhópur** • **Tvær annir**

## STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro
- Gerð stafrænna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef
- Facebook sem markaðstæki
- Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords
- Vefgreining með Google Analytics
- Tölvupóstmarkaðssetning

## GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **4. september** • **Kvöldhópur** • **20 skipti**

Ps Ai Id

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **17. september** • **Kvöldhópur** • **22 skipti**

## UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
**Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 172907
Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

# Sjaldgæfur hvítur hrossagaukur spókar sig um í Vestmannaeyjum

**NÁTTÚRA** „Þetta er hrossagaukur og þetta er albínói,“ segir Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, um alhvíta fuglinn sem varð á vegi Óskars P. Friðrikssonar í Vestmannaeyjum í gærmorgun.

Sjálfur kveðst Ólafur aldrei hafa séð hrossagauk sem var albínói. „Þeir eru mjög sjaldgæfir,“ segir hann. „Ég man ekki eftir hrossagauk sem algjörum hvítingja. Ég hef séð hrossagauk þar sem vantar litarefni í þá en þetta virðist vera alger hvítingi.“

> **Ég man ekki eftir hrossagauk sem algjörum hvítingja.**
>
> Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands

Ólafur segir að um fullvaxinn hrossagauk sé að ræða. Fátítt sé að fuglar sem eru albínóar komist upp og verði kynþroska því litarleysið geri þeim erfitt fyrir. „Þeir standa höllum fæti; eiga erfitt með að leynast af því að þeir eru ekki í felubúningi eins og félagar þeirra og leynast ekki á hreiðri,“ útskýrir hann.



Hrossagaukurinn hleypti ljósmyndara nálægt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Óskar P. Friðriksson kom auga á hrossagaukinn og náði myndum af fuglinum þar sem hann spígsporaði nærri runnum við Hamarsveg í byggðinni vestast á Heimaey.

„Fuglinn var rólegur og komst ég upp að honum, allt að einum og hálfum metra,“ segir Óskar. Hann hafi heyrt að albínóar hafi áður komið úr hreiðri hrossagaukspars við Vestmannaeyjaflugvöll. **– gar**

# Bændur beri ábyrgð sjálfir

**SAUÐFJÁRRÆKT** Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðarráðherra er nú á ferð um landið til að ræða við sauðfjárbændur ásamt Unni Brá Konráðsdóttur, formanni samninganefndar ríkisins, og Haraldi Benediktssyni, formanni samráðshóps, um endurskoðun búvörusamninga. „Við getum sagt að sauðfjárræktin er í mikilli lægð. Það þarf að fara í frjálsa og opna skoðun á því hvernig hægt er að rífa þetta upp,“ segir Haraldur. „Það eru atriði sem þarf að ræða við bændur, eins og að breyta stuðningsfyrirkomulaginu [...] og skapa afurðastöðvum hagstæðara umhverfi.“

Haraldur segir mikilvægt að breyta samningunum á þann hátt að allir hagnist. „Það er krafa í samráðshópnum að styðja fyrst og fremst við framleiðslu á innanlandsmarkað. [...] Bændur mega sprikla á erlendum mörkuðum gegn því að bera ábyrgðina sjálfir. Við verðum með umframkeyrslu og ákveðinn hluti fer erlendis en íslenskir skattgreiðendur niðurgreiða aðeins kjöt fyrir innlendan markað,“ segir Haraldur. **– sa**



Haraldur Benediktsson.

FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Veiðileyfasali fékk engar bætur dæmdar fyrir þjófnað í Kjarrá

**Tveir menn sem staðnir voru að veiðiþjófnaði í Kjarrá í Borgarfirði í fyrra sleppa við að greiða tæplega 1,5 milljóna króna bótakröfu og miskabætur að auki en eru dæmdir til að borga 50 þúsund í sekt hvor í ríkissjóð. Veiðileyfasalinn Starir ehf. sagði veiðiþjófana hafa „rýrt verðgildi og orðspor Kjarrár í augum viðskiptavina“.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands segir ósannað að tveir veiðiþjófar sem gripnir voru í Kjarrá í fyrrasumar hafi valdið veiðileyfasalanum Stara ehf. tjóni. Veiðivörður kom auga á mennina með því að beita dróna.

Mennirnir tveir, sem eru 61 árs og 49 ára gamlir og búa í Mosfellsbæ og Grafarvogi, voru ákærðir fyrir veiðiþjófnað af lögreglustjóranum á Vesturlandi. Þeir játuðu fyrir dómi að hafa brotið lög um lax- og silungsveiði með því að hafa veitt án leyfis í veiðistaðnum Efra-Rauðabergi og að hafa veitt á maðk þrátt fyrir að fluga sé eina leyfilega agnið í Kjarrá.

Veiðileyfisalinn gerði fyrir sitt leyti kröfu um að mennirnir greiddu hvor um sig bætur sem svaraði til þriggja daga veiðileyfis á þessu svæði í Kjarrá, 735 þúsund krónur. Í dómnum, sem kveðinn var upp í mars á þessu ári en hefur enn ekki verið birtur, segir að krafan sé byggð á því að veiðiþjófarnir „hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni með því að taka þessa vöru hans ófrjálsri hendi án þess að greiða fyrir hana“.

Þá segir veiðileyfasalinn mennina hafa valdið sérstöku tjóni með því að nota maðk og setja lífríki árinnar í mikla hættu.

„Hafi þeir sáð fræjum óvissu og tortryggni um getu hans til að hafa eftirlit með þeim veiðiaðferðum sem viðhafðar séu í ánni og rýrt verðgildi og orðspor Kjarrár í augum viðskiptavina. Hafi þeir laskað gæði árinnar sem vöru og gert eitt besta veiðisvæði hennar tímabundið óhæft til frekari veiða,“ segir um málsrök Stara ehf. í dómnum.



Landeigendur gengu á árinu 2012 frá leigu veiðiréttinda í Þverá/Kjarrá fyrir árin 2013-2017 til Stara ehf. MYND/STARIR

> **Hafi þeir sáð fræjum óvissu og tortryggni um getu hans til að hafa eftirlit með þeim veiðiaðferðum sem viðhafðar séu í ánni.**
>
> Úr dómi Héraðsdóms Vesturlands

Þótt veiðiþjófarnir hafi játað brot sitt höfnuðu þeir bótakröfu Stara, meðal annars með vísan til þess að ekkert lægi fyrir um að félagið hefði orðið fyrir tjóni. Dómurinn tók undir þetta og sagði engin gögn liggja fyrir um að Starir hefðu orðið fyrir beinu fjártjóni, svo sem vegna afsláttar eða endurgreiðslu hans til kaupenda veiðileyfa

Sömuleiðis hafnaði dómurinn því að dæma mennina til að borga Störum bætur fyrir „orðsporstjón“ eða „laskaða vöru“ eða að dæma einhverjar bætur vegna einhvers konar miska.

„Að fenginni þessari niðurstöðu verður einnig að hafna kröfu bótakrefjanda um greiðslu lögmannskostnaðar við að halda kröfunni fram,“ segir í dómnum. Það þýðir að veiðileyfasalinn verður sjálfur að borga sinn lögmannskostnað vegna málsins.

Dómurinn staðfesti hins vegar kröfu lögreglustjórans um að tvær veiðistangir mannanna og einn lax væru gerð upptæk. **gar@frettabladid.is**





# Kaþólskir prestar brutu kynferðislega gegn þúsundum barna í Pennsylvaníu

**BANDARÍKIN** Biskupar og aðrir háttsettir klerkar innan kaþólsku kirkjunnar í Pennsylvaníuríki Bandaríkjanna hylmdu yfir kynferðisbrot yfir hundrað presta á síðustu sjötíu árum. Þetta gerðu þeir með því að fá þolendur til að kæra ekki brotin og með því að telja lögreglumenn á að rannsaka ekki slíkar kærur.

Þetta kemur fram í rannsóknarskýrslu sem kafaði ofan í kynferðisbrot af hálfu kirkjunnar manna í 54 af 67 sýslum Pennsylvaníu. Í inngangsorðum skýrslunnar segir að meira en þrjú hundruð prestar hafi verið sakaðir um slík brot og af skrám kirkjunnar mætti ráða að þolendur væru að minnsta kosti þúsund. Talið er að fjölmargir hafi aldrei stigið fram vegna ótta við kirkjunnar menn.



Skýrslan náði yfir 54 af 67 sýslum Pennsylvaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Meirihluti brotaþola voru ungir drengir en einnig eru fjölmörg dæmi um að brotið hafi verið gegn stúlkum. Flest barnanna voru á táningsaldri þegar brotin áttu sér stað en oft kom þó fyrir að brotið var gegn börnum sem ekki höfðu náð kynþroska.

Í skýrslunni er tekið dæmi af stúlku sem var nauðgað af presti þegar hún var að jafna sig á spítala eftir hálskirtlatöku. Þá er annað dæmi tekið af presti sem nauðgaði sautján ára stúlku sem varð þunguð eftir verknaðinn. Presturinn giftist stúlkunni, skildi síðan við hana og fékk að halda brauðinu.

„Þrátt fyrir nokkra betrun hafa margir leiðtogar kirkjunnar komist hjá því að sæta ábyrgð vegna þessa. Prestar voru að nauðga drengjum og stúlkum og menn Guðs, sem báru ábyrgð á þeim, gerðu ekkert. Þeir földu allt saman. Áratugum saman,“ segir í skýrslunni. **– jóe**

# VILDARDAGUR AÐEINS Í HALLARMÚLA

# 25% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLU*

## ÖLL PENNAVESKI



30% afsláttur



40% afsláttur

**Kúlugelpenni**
**TILBOÐSVERÐ: 353.-**
Verð áður: 589.-



40% afsláttur

**Fjölnotapappír Pennans A4, 500 blöð í pk.**
**TILBOÐSVERÐ: 431.-**
Verð áður: 719.-



5 stk. í pakka: 1.510.- Verð: 2.745.-

45% afsláttur

**Stíla- eða reikningsbók með gormi**
Verð áður (stk.): 549.-

## ALLT FRÁ CRAYOLA



30% afsláttur

## ALLAR FERÐATÖSKUR



30% afsláttur



40% afsláttur

**Maxell heyrnartól**

## ALLAR SKÓLATÖSKUR



30% afsláttur

## LEITZ TÖLVUTÖSKUR



30% afsláttur



31% afsláttur

**Hinn grunaði Hr.X**
**TILBOÐSVERÐ: 2.759.-**
Verð áður: 3.999.-



34% afsláttur

**Óttinn**
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 3.799.-



85% afsláttur

**Heklað - Skref fyrir skref**
**TILBOÐSVERÐ: 999.-**
Verð áður: 6.999.-



66% afsláttur

**Geimverur - Leitin að lífi í geimnum**
**TILBOÐSVERÐ: 1.999.-**
Verð áður: 5.999.-



81% afsláttur

**Sígildir bílar**
**TILBOÐSVERÐ: 999.-**
Verð áður: 5.299.-



45% afsláttur

**Uppgjör**
**TILBOÐSVERÐ: 2.199.-**
Verð áður: 3.999.-

# OPIÐ 08:00 – 20:00

## KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

*** Tilboð gildir ekki af heimilisvöru og 20% afsláttur er af öllum námsbókum.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Gildistími vildarverða er aðeins í Hallarmúla í dag 15. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Innanríkisráðherrann lofar að menn verði dregnir til ábyrgðar

**ÍTALÍA** Minnst 35 fórust þegar partur af brú hrundi norðvestur af ítölsku borginni Genóa í gær. Talið er að mannvirkið hafi látið undan miklu votviðri sem verið hefur á svæðinu síðustu daga. Innanríkisráðherra landsins hefur heitið því að þeir sem eru ábyrgir fyrir hruninu verði dregnir til ábyrgðar vegna þess.

Brúin var reist á sjöunda áratug síðustu aldar yfir Polcevera-ána og svæðið í kringum hana. Hún var tæplega 1,2 kílómetrar að lengd. Á henni hvíldi A10 hraðbrautin sem tengir meðal annars saman ítölsku Rívíeruna og suðurströnd Frakklands.

> Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að finna eigin- og eftirnöfn þeirra yfirmanna sem voru ábyrgir fyrir brúnni.

Um 200 metra stykki hrundi úr henni í gær og féllu bifreiðar og brak á lestarteina og byggingar sem standa undir brúnni. Óttast er að aðrir hlutar brúarinnar kunni að gefa eftir og hefur svæðið í kringum hana því verið rýmt.

„Ég hef farið yfir þessa brú í mörg hundruð skipti. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að finna eigin- og eftirnöfn þeirra yfirmanna sem voru ábyrgir fyrir brúnni, bæði í fortíð og nútíð, því það er óásættanlegt með öllu að fólk týni lífi með þessum hætti á Ítalíu,“ segir Matteo Salvini, innanríkisráðherra Ítalíu. – jóe



Björgunarmenn leituðu í brakinu að eftirlifendum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Samdráttur í aflaverðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra fiskiskipa árið 2017 jókst um rúm 109 þúsund tonn milli ára en aflaverðmæti dróst saman um rúma 23 milljarða eða um 17,3 prósent.

Var heildarafli síðasta árs 1.177 þúsund tonn. Uppsjávarafli jókst um tæpan fjórðung og var um 718 þúsund tonn. Þar munar mestu um aukinn loðnu- og kolmunnaafla. Botnfiskafli minnkaði um tæp sjö prósent og var um 426 þúsund tonn.

Af einstökum tegundum veiddist mest af þorski eða 250 þúsund tonn, kolmunna 229 þúsund tonn, loðnu 180 þúsund tonn og makríl 166 þúsund tonn. – sar

## Fjórir vilja í formanninn

**FÉLAGSMÁL** Að minnsta kosti fjórir verða í framboði til formennsku í Neytendasamtökunum á þingi samtakanna í lok október. Þeir Guðjón Sigurbjartsson og Breki Karlsson hafa tilkynnt um framboð sín en frestur til þess rennur út í dag. Áður höfðu þeir Jakob S. Jónsson og Guðmundur Hörður Guðmundsson kynnt framboð sín.

Guðjón er viðskiptafræðingur að mennt og hefur rekið eigið fyrirtæki og starfað við fjármálastjórn hjá stofnunum Reykjavíkurborgar. Hann leggur áherslu á lækkun matvælaverðs, meðal annars með niðurfellingu tolla. Annað stórt hagsmunamál neytenda séu lægri vextir af lánum og upptaka alþjóðlegs gjaldmiðils.

Breki er forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi og leggur hann áherslu á vitundarvakningu fólks um það málefni. Hann vill efla Neytendasamtökin með því að virkja betur kraftinn og samtakamáttinn í félagsmönnum. Það sé nauðsynlegt að til séu öflug samtök sem veiti stjórnvöldum og fyrirtækjum virkt aðhald. – sar

# Bæjarstjóra óheimilt að afsala sér launum sem bæjarfulltrúi

**Mánaðarlaun Gunnars Einarssonar bæjarstjóra Garðabæjar verða rúmar 2,2 milljónir króna á kjörtímabilinu. Bæjarráð samþykkti ný kjör hans í gær. Minnihlutinn segir laun bæjarstjórans enn allt of há, þrátt fyrir að þau hafi verið lækkuð. Hafði ætlað að afþakka bæjarfulltrúalaun en í ljós kom að það var bannað.**

**KJARAMÁL** Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að mánaðarlaun Gunnars Einarssonar bæjarstjóra verði rúmar 2,2 milljónir króna. Gunnar hafði boðað það að hann myndi afsala sér launum sem bæjarfulltrúi á kjörtímabilinu en í ljós kom að það gat hann ekki gert. Þrátt fyrir að bæjarstjóralaunin hafi verið lækkuð á móti sat bæjarráðsfulltrúi Garðabæjarlistans hjá við afgreiðslu málsins í gær. Hann segir launin enn allt of há.

„Við töldum okkur ekki geta samþykkt þessi ráðningarkjör. Þetta eru allt of há laun miðað við vinnu,“ segir Ingvar Arnarson, bæjarráðsfulltrúi Garðabæjarlistans, sem sat hjá við afgreiðslu málsins. Þá hafi hann einnig gert athugasemd við bifreiðahlunnindi bæjarstjórans, sem bærinn sér fyrir Toyota Land Cruiser-jeppa og greiðir af honum allan rekstrarkostnað.

„Miðað við vegalengdir, umhverfissjónarmið og laun þá þykir okkur rétt að hann sjái um sín bílamál sjálfur, eða ef það á að vera bíll að hann verði þá umhverfisvænn,“ segir Ingvar og bætir við að hann hafi grínast með að best færi á því að bæjarstjórinn fengi rafhjól frá IKEA.

Samkvæmt ráðningarsamningi Gunnars fær hann greiddar 1.282 þúsund krónur í grunnlaun fyrir dagvinnu sem bæjarstjóri, auk fastrar mánaðarlegrar yfirvinnu sem nemur 732.246 krónum. Ofan á þetta leggjast síðan rúmlega 199 þúsund krónur sem Gunnar fær greiddar sem bæjarfulltrúi. Mikil umræða var fyrir sveitarstjórnarkosningar um launakjör kjörinna fulltrúa og bæjarstjóra, meðal annars vegna umfjöllunar Fréttablaðsins um miklar hækkanir til þeirra. Eftir kosningar kvaðst Gunnar ætla að afþakka bæjarfulltrúalaunin eftir að hafa náð inn sem aðalmaður. Í ráðningarsamningnum kemur fram að samkvæmt sveitarstjórnarlögum sé „bæjarstjóra óheimilt að afsala sér greiðslu launa fyrir setu í bæjarstjórn“.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, segir að vegna þessa hafi bæjarstjóralaunin verið endurskoðuð og ákveðið að lækka þau. Bæði hafi föstum yfirvinnutímum bæjarstjóra verið fækkað og grunnlaunin lækkuð og að bæjarfulltrúalaunum meðtöldum nemi lækkunin um tíu prósentum. mikael@frettabladid.is




Gunnar fær alls 2,2 milljónir á mánuði samkvæmt nýjum ráðningarsamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Áslaug Hulda Jónsdóttir.

### Laun sem bæjarstjóri

| | |
|---|---|
| Grunnlaun dagvinna | 1.282.000 kr. |
| Föst yfirvinna 55 tímar | 732.246 kr. |
| Laun sem bæjarfulltrúi | 199.553 kr. |
| Heildarlaun | 2.213.799 kr. |


# Vertu reyklaus

## Í eitt skipti fyrir öll með Nicotinell




**15% afsláttur af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, plástrum og munnsogstöflum.
Afslátturinn gildir út ágúst í verslunum Lyfju.**

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

# Boðun til hluthafafundar Arion banka hf.

Hluthafafundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 5. september 2018, kl. 16.00. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

### Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins

1. Tillaga um arðgreiðslu til hluthafa bankans
2. Breyting á stjórn bankans
   Kosning eins nýs stjórnarmanns sem starfi fram að næsta aðalfundi bankans
3. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd
4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd
5. Tillaga um breytingar á samþykktum
   a. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða í samþykktum Arion banka hf. sem felur í sér undanþágu frá ákvæðum samþykkta um boðunarfrest til hluthafafunda, verði fellt brott í heild sinni. Samkvæmt ákvæðinu skyldi það falla niður þegar hlutabréf Arion banka hf. yrðu tekin til viðskipta hjá Nasdaq á Íslandi.
   b. Þá er lagt til að viðauki nr. 1 við samþykktir Arion banka hf. verði felldur brott í heild sinni. Viðauki þessi fjallar um heimild til kaupa á eigin bréfum sem veitt var á hluthafafundi 12. febrúar 2018. Heimild þessi var nýtt í febrúar 2018.
6. Önnur mál

### Upplýsingar til hluthafa

Endanleg dagskrá, fundarboðun, tillögur og önnur skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, eigi síðar en 15. ágúst 2018 og verða aðgengileg í höfuðstöðvum bankans frá sama tíma. Ensk þýðing fundargagna verður aðgengileg hluthöfum í höfuðstöðvum bankans sem og á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 þann 26. ágúst 2018. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Heimilt er að senda slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Athygli er vakin á takmörkunum á atkvæðisrétti tiltekinna hluthafa bankans í samræmi við ákvarðanir FME frá 22. september 2017. Sjá einnig tilkynningu bankans frá 22. júní 2018 á vefsíðu Nasdaq á Íslandi og Svíþjóð.

Þeim hluthöfum sem ekki hyggjast mæta á hluthafafundinn, er gefinn kostur á því að greiða atkvæði með rafrænum hætti. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent lykilorð í pósti og hluthöfum því bent á að sækja um lykilorð tímanlega.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Í slíkum tilvikum skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð í upphafi fundar. Á vefsíðu bankans er að finna form af umboði.

Hluthafar og/eða fulltrúar þeirra eru beðnir um að gefa sig fram við starfsmenn fundarins og skrá mætingu sína (óskað er eftir að aðilar hafi skilríki meðferðis).

### Upplýsingar til eigenda SDR heimildarskírteina

Eigendur Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskírteina, sem hafa hug á því að mæta á hluthafafundinn eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði skulu:

I. Vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17.00 (CET) þann 31. ágúst 2018
II. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) í síðasta lagi kl. 12.00 (CET) þann 31. ágúst 2018 þar um
III. Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en kl. 12.00 (CET) þann 31. ágúst 2018

Frekari upplýsingar um heimildir eigenda SDR heimildarskírteina til að mæta á hluthafafundinn og greiða þar atkvæði, eða eftir atvikum veita umboð til þess að greiða atkvæði á fundinum og rétt þeirra til arðgreiðslna er að finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, og á vefsíðu Nasdaq á Íslandi og í Svíþjóð.

### Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR heimildarskírteina í hluti

Vegna mismunandi arðsréttindadaga fyrir hluti annars vegar og SDR heimildarskírteini hins vegar verður tímabundin takmörkun á yfirfærslu í gildi. Frá og með lokun markaða 29. ágúst til og með 7. september 2018 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskírteini í eða úr hluti í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.



Reykjavík 14. ágúst 2018 — Stjórn **Arion banka hf.**

FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN**

# Mannöld




**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is


Í jarðfræðilegum skilningi hófst nútíminn fyrir um 12 þúsund árum. Upphaf þessa tímabils má rekja til meiriháttar leysinga, þegar hinar miklu íshellur sem mótað höfðu landslag Evrópu og Norður-Evrópu í árþúsundir, bráðnuðu ört. Það að öll siðmenning mannsins – allar gjörðir hans, afrek og uppgötvanir; sigrar og ósigrar – rúmist innan þessa stutta tímabils hlýinda jaðrar við það að vera kvíðavekjandi. Það virðist lítið mega út af bregða; nútíminn virðist brothættur.

Í raun eru margir sem telja að það tímabil sem kennt er við nútímann sé þegar liðið. Annað tímabil sé nú hafið. Tímabil sem einkennist af miklum og hröðum breytingum sem orðið hafa á grundvallarferlum í náttúru Jarðarinnar, í lofti, á láði og legi. Þetta nýja tímabil er kallað mannöld og það byggir á þeim afdrifaríku og umfangsmiklu breytingum sem gjörðir mannanna hafa haft á þau fjölmörgu ólíku kerfi sem gert hafa Jörðina lífvænlega og gert samfélagi mannanna kleift að dafna.

Will Steffen og 15 meðhöfundar hans að yfirlitsgreininni „Trajectories of the Earth System in the Anthropocene“, sem birtist í vísindariti bandaríska vísindaakademíunnar (PNAS) á dögunum, draga upp sláandi mynd af þeim breytingum sem mögulega munu eiga sér stað á mannöld. Fáar vísindagreinar hafa vakið jafn mikla athygli og grein Steffens og co. á undanförnum árum. Ein möguleg ástæða fyrir því eru þær skelfilegu sviðsmyndir sem virðast bíða okkar að óbreyttu. Slík dramatík virðist vera það sem þarf til til að koma loftslagsmálum að í almennri umræðu.

Ein af niðurstöðum greinarinnar tekur til sjálfstyrkjandi ferla eins og þiðnunar sífrera á norðurskautssvæðum, stórfelldrar gróðurvisnunar og bráðnunar íshellna á landi. Allt ferlar sem geta magnað og hraðað áhrifum loftslagsbreytinga. Höfundarnir telja að forðast megi slíka ferla með því að halda hlýnun jarðar undir tveimur gráðum, miðað við tímabilið fyrir iðnbyltinguna. Við nálgumst nú þennan þröskuld – honum verður að óbreyttu náð um miðja öld – og sem stendur er fátt sem gefur til kynna að okkur takist að forðast hann. Sjálfstyrkjandi ferlar, eins og losun metans úr sífrera, gætu síðan tekið nokkrar aldir að raungerast.

Grein Steffens og co. er yfirlitsgrein sem byggir á öðrum og einnig óbirtum vísindagreinum. Hún er fyrst og fremst heppileg til hugleiðinga um þá stöðu sem blasir við í loftslagsmálum. Engu að síður ættum við að taka mark á meginstefi greinarinnar, það er, að til þess að tryggja komandi kynslóðum sömu tækifæri og við og forfeður okkur fengum, þá þarf að grípa til aðgerða núna. Ekki eftir næstu kosningar, ekki eftir útgáfu næstu skýrslu Vísindanefndar um loftslagsmál, og sannarlega ekki eftir að við förum að finna fyrir raunverulegum áhrifum loftslagsbreytinga.

**Það virðist lítið mega út af bregða; nútíminn virðist brothættur.**







## Halldór





## Frá degi til dags

**Vargur í vegan**

**Fréttablaðið.is greindi í máli og hreyfimyndum frá því að Snorri Rafnsson, víða þekktari sem „Vargurinn“, hafi stungið sér til sunds til þess að bjarga grindhval úr sjálfheldu í Kolgrafafirði. Snorri var titlaður „veiðimaður og dýravinur“. Ekki féll þessi þversögn í kramið hjá veganfólki. Í fjölmennum Facebookhópi þess var bent á að útilokað sé að vera bæði í senn veiðimaður og dýravinur. „Ég meina… það er augljóst að maður má alveg drepa dýr að gamni sínu þó maður sé dýravinur, er þaggi??“ Veiðimenn verða að fara að átta sig á að ekki verður bæði sleppt og haldið, hvort sem um bleikju eða grind er að ræða.**

**Sósíalískur feluleikur**

**Gunnar Smári Egilsson, stofnandi Sósíalistaflokks Íslands, auglýsir á Facebook eftir sósíalistum sem leigja hjá Gamma eða Heimavöllum. Skömmu áður var á sama vettvangi lýst eftir gjaldkera flokksins þar sem illmögulegt væri að sleppa undan því að styrkja Sósíalista með því að senda þeim peninga í áskrift. Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, svaraði þessu neyðarkalli með netfangi Sósíalistaflokksins. Væntanlega þarf ekki nema eitt skeyti þangað til þess að rjúfa vistarbandið þar sem íslenskir nýmóðinssósíalistar eru engir gammar. thorarinn@frettabladid.is**

# Að fylgja leikreglunum




**Auður Önnu Magnúsdóttir**
framkvæmdastjóri Landverndar


Það er lífseigur misskilningur að virkjanahugmyndir sem eru í nýtingarflokki í rammaáætlun séu þar með komnar með framkvæmdaleyfi.

Harðar deilur um nýtingu lands til orkuöflunar, eins og Kárahnjúkadeilan, hafa staðið mestanpart 20. aldar og alla 21. öldina. Um aldamótin síðustu var gerð tilraun til þess að koma á skipulögðu ferli þar sem farið er með faglegum hætti í gegnum þau landsvæði sem áhugi er á að nýta til 10 MW orkuvinnslu og meira, kölluð rammaáætlun. Orkuvinnsla og -sala var gefin frjáls upp úr aldamótum. Landsvæðin eru metin af faghópum eftir meðal annars mikilvægi náttúruminja og hagkvæmni virkjunarkosta. Verkefnisstjórn rammaáætlunar leggur tillögu að flokkun landsvæðanna svo fyrir umhverfisráðherra sem leggur fyrir Alþingi tillögu um skiptingu svæðanna í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk byggt á innbyrðis röðun frá verkefnisstjórninni. Þegar Alþingi hefur samþykkt rammaáætlun ber að friðlýsa svæðin í verndarflokki. Virkjunarkosti sem falla innan landsvæða í nýtingarflokki má skoða áfram til orkunýtingar en þeir eru alltaf háðir mati á umhverfisáhrifum (umhverfismati) sem ákvörðun á næsta stigi verður að taka mið af. Sú ákvörðun er nú tekin af sveitarstjórnum, svokallað framkvæmdaleyfi. Því fer fjarri að nýtingarflokkur rammaáætlunar merki að virkja megi á viðkomandi landsvæði, enda væri umhverfismat þarflaust ef svo væri.

Leikreglurnar sem gilda um orkunýtingu á Íslandi eru nokkuð skýrar. Landsvæði í nýtingarflokki rammaáætlunar má halda áfram að skoða til nýtingar, en engin heimild til orkunýtingar felst í því. Lögin gera sjónarmiðum umhverfisverndar hátt undir höfði á öllum stigum og engin ákvörðun um nýtingu felst í röðun svæðis í nýtingarflokk. Mikilvægt er að fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um orkunýtingu og náttúruvernd á öllum stigum. Náttúruverndarsjónarmið eiga heima í ákvörðunum um aðalskipulag sveitarfélaga, umhverfismati framkvæmda, friðlýsingu svæða í verndarflokki rammaáætlunar og friðlýsingu svæða samkvæmt náttúruverndarlögum. Að halda öðru fram lýsir annaðhvort alvarlegri vanþekkingu á orkunýtingarmálum eða vísvitandi tilraunum til að afvegaleiða umræðuna.

**Því fer fjarri að nýtingarflokkur rammaáætlunar merki að virkja megi á viðkomandi landsvæði, enda væri umhverfismat þarflaust ef svo væri.**


FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Um græðgi og grátkóra




Bjarnheiður Hallsdóttir
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónusta á Íslandi siglir nú í gegnum ákveðnar breytingar og jafnvel töluverðan samdrátt á sumum sviðum. Þetta kemur þeim sem lengi hafa starfað í greininni ekki á óvart. Þegar gengi krónunnar fór að styrkjast ískyggilega fyrir um tveimur árum var ljóst að það hefði áhrif á eftirspurn eftir Íslandsferðum og á hegðun ferðamanna á Íslandi. Auk styrkingar krónunnar hafa miklar launahækkanir, sem vega þungt í mannaflsfrekri atvinnugrein eins og ferðaþjónustan er, ásamt háum fjármagnskostnaði valdið því að rekstur margra ferðaþjónustufyrirtækja er nú erfiður. Þá má ekki gleyma því að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa fjárfest gríðarlega í innviðum á síðustu árum, en á árunum 2015 til 2017 fjárfesti ferðaþjónustan fyrir 263 milljarða króna. Við þetta má svo bæta að stjórnvöldum hefur tekist að lauma inn alls kyns gjöldum og skattahækkunum á ferðamenn undanfarin ár – sem auðvitað hefur bein áhrif á verðlagið og veldur því að samkeppnishæfni Íslands hefur versnað umtalsvert.

**Græðgi, sem dregið er af orðinu að græða, er skammaryrði á Íslandi.**

Það stendur ekki á sjálfskipuðum sérfræðingum um allt þjóðfélagið sem kjósa að hundsa staðreyndir og hrópa hátt að ferðaþjónustan sé fórnarlamb eigin græðgi. Þegar forsvarsmenn ferðaþjónustunnar benda á þessar staðreyndir eru þeir sagðir vera gengnir í grátkór og oft hnýtt aftan við að þeir séu komnir í samkór með forsvarsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja. Allir eiga sín dæmi máli sínu til rökstuðnings í græðgistalinu. Allir geta sagt sögur af fiskrétti „úti á landi“ sem kostaði svona mikið og kaffibolla í miðborg Reykjavíkur sem kostaði heila formúu. Flestir Íslendingar hafa samkvæmt þessum sérfræðingum alls ekki efni á að ferðast innanlands. Á meðan hafa sjaldan fleiri Íslendingar ferðast til útlanda síðastliðin misseri. Sem er svo sem skiljanlegt, það fæst meira fyrir krónuna erlendis vegna sterks gengis krónunnar – sem er ferðaþjónustu á Íslandi að kenna eða þakka. Það gleymist auðvitað að taka það með í reikninginn.

Græðgi, sem dregið er af orðinu að græða, er skammaryrði á Íslandi. Samt vilja allir græða – líka þeir sem hrópa hæst á torgum – en hins vegar er alls óljóst og óskilgreint hvenær eðlileg arðsemiskrafa í fyrirtækjarekstri er orðin að græðgi. Flokkast það t.d. undir græðgi að þurfa að eiga fyrir launum starfsmanna, launatengdum gjöldum, sköttum og skyldum, húsaleigu og almennum rekstrarkostnaði? Er það græðgi að vonast eftir að fjárfesting og ómæld vinna skili örlitlum arði? Ég fullyrði að það eru fá ef einhver ferðaþjónustufyrirtæki sem eru drifin áfram af óeðlilegri „græðgi“ og ég efast um að það hafi einhvern tímann verið tilfellið hjá fyrirtækjum sem vilja láta taka sig alvarlega. Því miður eru dæmi um svarta sauði í ferðaþjónustu rétt eins og í öðrum atvinnugreinum en langflestir eru ekki að tjalda til einnar nætur heldur byggja upp ferðaþjónustu, af miklum metnaði, til langrar framtíðar. Það er auðvitað ólíðandi og óþolandi að þeir sem horfa aðeins til skamms tíma og skila jafnvel ekki sköttum og skyldum fái að leika lausum hala. Á það höfum við í Samtökum ferðaþjónustunnar ítrekað bent og krafist aðgerða. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki berjast nú í bökkum við að láta enda ná saman. Það eru hagræðingaraðgerðir í gangi víðast hvar og menn leita leiða til að lækka verð til að þess að varan „Íslandsferð“ haldi áfram að vera samkeppnishæf á erlendum mörkuðum.

Ef það kallast að vera í grátkór að benda á staðreyndir og vara við aðgerðum sem geta reynst hættulegar mikilvægustu útflutningsgrein okkar, þá skal ég syngja fyrsta sópran í þeim kór. Verði íslensk ferðaþjónusta af hvaða ástæðum sem er fyrir verulegum skakkaföllum á næstu misserum, þá verða það nefnilega ekki bara hinir meintu gróðapungar sem tapa, heldur allir Íslendingar.



Áskorun vegna skila ársreikninga!

Lokafrestur til að skila ársreikningum til ársreikningaskrár RSK rennur út 5. september 2018

- Áskorun um skil á ársreikningum hefur nú verið birt á þjónustusíðu **(skattur.is)** þeirra félaga, sem ekki hafa staðið skil á ársreikningi sínum til ársreikningaskrár. Forráðamenn viðkomandi félaga eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt, þannig að ekki þurfi að koma til sektarákvörðunar.
- Unnt er að finna á **rsk.is** yfirlit yfir þau félög sem ekki hafa skilað ársreikningi.
- Vakin er athygli á að örfélög sem hafa skilað skattframtali geta nýtt sér Hnappinn. Þá er farið inn á þjónustusíðu ríkisskattstjóra **skattur.is** og valið að láta ríkisskattstjóra útbúa ársreikning félagsins og skila til ársreikningaskrár.

Ársreikningaskrá RSK

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | STOFNUN ÁRSINS 2018

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT


Fanney Hauksdóttir heldur áfram að sanka að sér verðlaunum í bekkpressu, en hún varð önnur á Evrópumótinu sem fram fór í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Silfrið framar björtustu vonum

**Það kom Fanneyju Hauksdóttur á óvart að hún skyldi tryggja sér silfur á Evrópumótinu í klassískri bekkpressu um helgina. Hún segir árangur sinn ánægjulegan þegar litið sé til þess að öxlin á henni gaf sig í maí.**

**KRAFTLYFTINGAR** Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona úr Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur, hlaut silfurverðlaun á Evrópumótinu í klassískri bekkpressu sem haldið var í Merignac í Frakklandi á sunnudaginn. Árangurinn kom Fanneyju skemmtilega á óvart þar sem hún fór með hófstilltar væntingar inn í mótið vegna axlarmeiðsla sem hafa plagað hana síðan í vor.

„Ég er bara virkilega ánægð með þessa niðurstöðu, einkum og sér í lagi þar sem ég hef ekki getað æft almennilega í aðdraganda mótsins vegna axlarmeiðsla. Öxlin hefur verið að stríða mér síðasta eina og hálfa árið eða svo og hún gaf sig svo alveg í maí síðastliðnum. Ég bjóst því alls ekki við því að komast á pall í þessari sterku keppni,“ sagði Fanney í samtali við Fréttablaðið um téð meiðsli.

„Ég fékk sprautu í liðinn eftir að hafa verið í endurhæfingu hjá sjúkraþjálfara síðan í maí. Ég minnkaði álagið á öxlina töluvert í endurhæfingunni og þetta var í fyrsta skipti síðan öxlin gaf sig að ég lét almennilega reyna á hana. Ég fann það alveg að ég gat ekki beitt mér alveg að fullu og hefði getað lyft meira meiðslalaus,“ sagði hún enn fremur um meiðslin.

Þetta er annað árið í röð sem Fanney verður í öðru sæti á Evrópumótinu í klassískri bekkpressu, en hún laut í lægra haldi á afar svekkjandi hátt síðasta sumar þar sem hún lyfti jafn þungri lyftu og sú sem varð hlutskörpust. Hún missti hins vegar gullverðlaunin úr greipum sér sökum þess að vera þyngri en gullverðlaunahafinn.

**Raunhæft að stefna á gullið næst**

„Ég varð aftur á eftir þeirri sömu og vann síðast. Ég passaði á mig á því að mæta léttari til leiks en í fyrra og að þessu sinni var hún þyngri en ég. Það reyndi hins vegar því miður ekki á sömu reglu núna. Það er klárlega raunhæft að stefna á að taka gullið á næsta ári og ég vonast til þess að öxlin verði betri þá og ég taki loksins gullið,“ sagði þessi öflugi Seltirningur.

> Aðstaðan hér í Hollandi, sérstaklega yfir sumartímann, er frábær. Það er gott að geta hlaupið í skógunum í tuttugu stiga hita.
>
> Fanney Hauksdóttir

Næsta verkefni Fanneyjar er Evrópumótið í bekkpressu með búnaði, en hún hefur titil að verja þar eftir að hafa orðið Evrópumeistari í greininni í þriðja sinn síðasta haust. Alls hefur Fanney ellefu sinnum komist á verðlaunapall á EM og HM í bekkpressugreinunum tveimur, það er klassískri bekkpressu og bekkpressu með búnaði frá því að hún hóf að keppa á alþjóðamótum árið 2013. Þar af eru fern gullverðlaun og þrenn silfurverðlaun í opnum aldursflokki.

„Ég hef ekkert æft bekkpressu með búnaði síðan ég meiddist í maí og nú fer ég bara að einblína á þá grein í æfingum mínum. Ég er ekki viss um að öxlin verði allt of sátt við að þyngdirnar aukist, en upphaflega pælingin með greininni var að vernda axlirnar með búnaðinum og við verðum bara að vona að það takist. Vonandi tekst mér að verja titil minn,“ sagði Fanney um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**




# Albert til AZ Alkmaar

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn í knattspyrnu, Albert Guðmundsson, skrifaði í gær undir fjögurra ára samning hjá AZ Alkmaar í Hollandi.

Gengur hann til liðs við AZ frá hollensku meisturunum í PSV Eindhoven. Verður þetta þriðja félagið sem Albert er á mála hjá í Hollandi sem var um tíma í unglingastarfi Heerenven.

Hefur hann verið afar duglegur að skora fyrir varalið PSV undanfarin ár en ekki fengið mörg tækifæri með aðalliðinu.

Verður hann því enn einn Íslendingurinn á mála hjá AZ Alkmaar en meðal fyrrum leikmanna eru Kolbeinn Sigþórsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Grétar Rafn Steinsson og Aron Jóhannsson. Þá hafa fjölmargir íslenskir leikmenn leikið með unglingastarfi félagsins, þar á meðal landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson á sínum tíma áður en hann fór yfir til Bretlands og samdi við Coventry. **– kpt**

> Albert skoraði níu og lagði upp önnur átta í fimmtán leikjum með varaliði PSV í fyrra.


Albert lék fyrsta keppnisleik sinn fyrir hönd Íslands á HM í sumar.

## Nýjast

**Inkasso-deild karla**

**Þór - ÍR 5-2**
1-0 Alvaro Montejo Calleja (18.), 2-0 Ignacio Gil Echevarria (32.), 3-0 Ignacio Gil (54.), 4-0 Alvaro Montejo (64.), 4-1 Már Viðarsson (73.), 4-2 Axel Sigurðarson (78.), 5-3 Jakob Snær Árnason (90.).

**Leiknir R. - HK 0-2**
0-1 Zeiko Troy Jahmiko Lewis (28.), 0-2 Bjarki Aðalsteinsson, sjálfsm. (33.)

**Þróttur R. - Magni 5-3**
1-0 Viktor Jónsson (2.), 2-0 Viktor (3.), 3-0 Daði Bergsson (12.), 3-1 Gunnar Örvar Stefánsson (33.), 4-1 Jón Alfreð Sigurðsson, sjálfsm. (44.), 4-2 Kristinn Þór Rósbergsson (45.), 5-2 Viktor (50.), 5-3 Gunnar Örvar (61.).

**ÍA - Fram 2-0**
1-0 Stefán Teitur Þórðarson (59.), 2-0 Stefán Teitur (63.).

**Haukar - Njarðvík 1-2**
0-1 Brynjar Freyr Garðarsson (40.), 1-1 Aron Freyr Róbertsson (87.), 1-2 Arnór Björnsson (88.).

**Inkasso-deild kvenna**

**Sindri - Aftureld./Fram 2-1**
1-0 Monique Goncalves (64.), 2-0 Nicole C. Maher (67.), 2-1 Filippa Karlberg (78.).

# Haukur frábær í sigri Íslands

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið skipað drengjum undir átján ára aldri vann nauman 23-22 sigur á Þýskalandi á EM U18 í Króatíu í gær. Með því innsigluðu íslensku strákarnir sæti í undanúrslitunum fyrir lokaleik milliriðilsins gegn Spáni í dag.

Ísland náði snemma tökum á leiknum og var með frumkvæðið allan leikinn þótt Þjóðverjarnir hafi aldrei verið langt undan. Leiddu Íslendingar með þremur mörkum í hálfleik og stóðust þeir áhlaup Þjóðverja undir lokin.

Selfyssingurinn Haukur Þrastarson fór fyrir sóknarleik Íslands í leiknum en hann skoraði níu mörk fyrir Ísland og er því kominn með 27 mörk í fjórum leikjum. **– kpt**

# Hannes gæti leikið á Íslandi

**FÓTBOLTI** Ekkert verður úr því að Íslendingar fái að sjá Hannes Þór Halldórsson eða Arnór Ingva Traustason í Meistaradeild Evrópu í vetur. Er þetta ljóst eftir að félög þeirra, Qarabag frá Aserbaídsjan og Malmö frá Svíþjóð, féllu úr leik í undankeppninni í gær.

Hannes var í byrjunarliði Qarabag annan leikinn í röð en gat ekki komið í veg fyrir eina mark BATE í 1-1 jafntefli. Fara Hvít-Rússarnir áfram eftir 2-1 sigur í einvíginu.

Gæti farið svo að Hannes leiki á Íslandi í undankeppni Evrópudeildarinnar. Takist Valsmönnum að snúa einvíginu gegn Sheriff sér í hag á morgun mæta þeir Qarabag í næstu umferð.

Arnór Ingvi kom ekkert við sögu hjá Malmö í markalausu jafntefli gegn Mol Vidi frá Ungverjalandi. Gat hann ekki tekið þátt vegna meiðsla er Malmö féll úr leik á útivallarmörkum.

Verður því Hörður Björgvin Magnússon hjá CSKA Moskva eini fulltrúi Íslands í Meistaradeild Evrópu í vetur. **– kpt**

# ORMSSON Sparidagar

fyrir heimilin í landinu

Standa nú sem hæst!

## Tefal 30%



*Gerðu góð kaup!*

Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 28 ár.
Það köllum við meðmæli.

## AEG VEGGOFN



10 STK

BPK 552220W BI EL / HT944 187 852

**Verð áður: 149.900,-**

**Sparidagaverð: 99.900,-**

## AEG

**Þvottavélar og þurrkarar**



20%

*Gerðu góð kaup!*

## AEG 20%



TILBOÐSVERÐ Á ÖLLUM RYKSUGUM

## AEG

vrn. HT911 444 415

**Uppþvottavél**

FSILENCM4 FS STÁL

25%



**Verð áður: 119.900,-**

**Sparidagaverð: 95.920,-**

## AEG

SB14PS

**Blandari / 1000w**

1000W / 1.65L glerkanna sem þolir mikinn hita, allt að 90°C / Titanium húðaður hnífur / 5 stillingar / Getur brotið klaka / Kanna má fara í uppþvottavél



25%

**Verð áður: 21.900,-**

**Sparidagaverð: 16.425,-**

## SAMSUNG

Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, frysti- og kæliskápar á SPARIDAGAVERÐI



## SAMSUNG




UE65MU6275UXXC

Ultra HD / Stærð: 65" - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 100 / PQI: 1400 / HDR

**Verð áður kr. 269.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 199.900,-**

## SAMSUNG




UE65MU6655UXXC

Ultra HD / 65" - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 200 / PQI: 1700 / HDR

**Verð áður kr. 299.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 239.900,-**

## SAMSUNG

RF56J9040SR/EF

# Tvöfaldur

**amerískur kæliskápur**

Klakavél / Heildarrými: 564 lítrar / Kælirými: 361 lítrar/ Frystirými: 203 lítrar.
4. stjörnu



**90.000 kr afsláttur**

**Verð áður: 389.900,-**

**SPARIDAGAVERÐ: 299.900,-**

## Pioneer hljómtækjastæða

PIX-EM26-B



CD, Útvarp 20 stöðva minni, Loftnet, Audio-In, MP3 stuðningur, Hljómstillir, USB tengi.

**Verð áður kr. 25.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 18.900,-**

## SANGEAN

vrn. SGWR-11 WALNUT

**FM/AM útvarp**

Faánlegt í viðarlit / Silfur eða svart
Innbyggt loftnet / Hátalari 3": 7W RMS
Aux inngangur / Tengi fyrir heyrnartól



**Verð áður: 22.900,-**

**Sparidagaverð: 16.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**Björk Hjaltadóttir**
Garðabæ,

lést á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi
sunnudaginn 12. ágúst. Útför fer fram
frá Vídalínskirkju föstudaginn
24. ágúst klukkan 13.00.

**Guðmundur Brynjólfsson**
**Hjalti Guðmundsson** **Sigrún Ýr Svansdóttir**
**Brynhildur Guðmundsdóttir** **Örlygur Auðunsson**
**Lena Björk, Aníta, Kamilla, Guðmundur Thor,**
**Þórhildur Stella, Hugrún Birna, Kristófer Páll**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir**
Ársölum 1, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi 9. ágúst sl. Útförin fer fram
frá Lindakirkju, mánudaginn 20. ágúst kl. 15.00.

**Trausti Þorláksson**
**Magnús Traustason**
**Guðlaug Traustadóttir**
**Þorlákur Traustason** **Guðrún H. Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg frænka okkar,

**Guðný Baldvinsdóttir**
frá Grenjum,

andaðist á dvalarheimilinu Brákarhlíð
í Borgarnesi, laugardaginn 11. ágúst.

**Systkinabörn hinnar látnu.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**María Möller**
Eiðismýri 30,

lést á heimili sínu föstudaginn 3. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ólafur Einarsson**
**Þorleifur Sívertsen** **Helga Kristinsdóttir**
**Stella Sívertsen** **Claudio Adam**
**Víglundur Möller Sívertsen** **Halldóra Karlsdóttir**
**Sigurður Sívertsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,

**Ágúst Önundarson**

sem varð bráðkvaddur 31. júlí
síðastliðinn á Möltu verður
jarðsunginn föstudaginn 17. ágúst
kl. 11.00 frá Fossvogskirkju.

**Ester Ösp Guðjónsdóttir** **Hrefna Ýr Ágústsdóttir**
**Harpa Ágústsdóttir** **Sigurður Harðarson**
**Önundur Jónson** **Gróa Stefánsdóttir**
**Hrönn Önundardóttir** **Ólafur Atli Sigurðsson**
**Marinó Önundarson** **Herdís Bragadóttir**
**Stefán Björnsson Önundarson** **Erna Rut Steinsdóttir**
**Agnes Eir Önundardóttir** **Einar Grímsson**
**Guðjón Kjartansson** **Dagbjört Hjaltadóttir**
**Sölvi Mar Guðjónsson**
**og aðrir vandamenn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Bergsveinn kann vel við sig í vestfirsku umhverfi og nýtur þess að taka þátt í fornleifarannsóknum á söguslóðum þar.**

# Landnámsbær telst fundinn

**Í Sandvík á Ströndum eru merki um landnámsbæ og sögurölt verður um svæðið á föstudag. Á laugardag verður svo fjölbreytt málþing í Hveravík um fornleifar Stranda.**

Bergsveinn Birgisson rithöfundur svarar í símann, svolítið móður og ég sé hann fyrir mér skokkandi á norskum skógarstíg. En, nei, hann er þá norður á Ströndum að grafa upp ævagömul bein. „Ég er bara í Sandvík að grafa. Það er kominn upp hellingur af beinum og járnfleygur, “ segir hann og er greinilega í essinu sínu. „Svo erum við komin niður á einhvern við líka sem þarf að skoða gaumgæfilega. Þetta er gaman. Sennilega er þetta allt mjög gamalt en ekkert er hægt að gefa út um það fyrr en búið er að rannsaka það.“ Hann segir eitt nautgripabein úr sama haug hafa verið aldursgreint og með 95% öryggi sé fullyrt að það sé frá árabilinu 777 til 973 og með 88% öryggi árabilinu 850 til 910.

*Verða bein ekkert að mold á svona löngum tíma? Prestarnir segja jú alltaf: Að jörðu skaltu aftur verða …?*

„Ekki hér, jarðvegurinn er sandur sem hleypir engu súrefni að, svo brjósk varðveitist, hvað þá bein.“

Sandvík er drjúgt steinsnar austan við þorpið á Drangsnesi. Sex eru við gröft þar þessa stundina, að sögn Bergsveins, bæði lærðir og leikir. En hefur hópurinn komið niður á bæ? „Við erum aðallega í öskuhaugnum enn þá og vinnum okkur þaðan. Fólk hefur varla hent rusli langt á þessum tíma. Það eru samt tóftir hér sem enginn veit hversu gamlar eru og enginn veit skil á.“



**Sandvík er steinsnar frá þorpinu á Drangsnesi, að minnsta kosti fyrir Strandamanninn sterka.**

Sandvík er við Selströnd, í mynni Steingrímsfjarðar og það sérstaka við landnámsbæinn þar er að engum sögum fer af búsetu manna í víkinni, hvorki í Landnámabók né öðrum norrænum textum, að sögn Bergsveins. „En hér eru svína, kinda, geita- og nautgripabein. Vitað er að svínin dóu út snemma og það hjálpar til við aldursgreiningar.“

Bergsveinn verður að líkindum fundarstjóri á stóru málþingi um fornleifar Stranda sem haldið verður í Hveravík á Drangsnesi á laugardaginn. Þar verður um fleira fjallað en uppgröftinn í Sandvík. „Þessi fornleifafundur verður settur í samhengi við svæðið við Norður-Atlantshafið,“ upplýsir Bergsveinn og kveðst ætla að segja nokkur orð um ætlað landnám Gríms Ingjaldssonar í Grímsey á Steingrímsfirði. „Þó er varla mögulegt að þar hafi verið landnámsmaður því þar þrýtur vatn,“ segir hann og bætir við. „Heimildir eru illa varðveittar af þessu svæði, þeir sem skrifuðu Landnámu fóru ekkert hér um og vissu fátt nema það að Geirmundur Heljarskinn var hér inni í botni Steingrímsfjarðar með eitt bú, að Geirmundarstöðum.“

Bergsveinn býst við mörgum á svæðið um helgina, bæði í söguröltið í Sandvík með fornleifafræðingunum milli 18 og 20 á föstudag, og á málþingið sem stendur frá 11 til 16. 30 á laugardag.

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 15. ÁGÚST 1969

## Woodstock-hátíðin hófst

Á þessum degi árið 1969 hófst tónlistarhátíðin Woodstock. Hátíðin var haldin í Bethel í New York-ríki, sextíu og níu kílómetrum frá bænum Woodstock. Woodstock-hátíðin einkenndi þau menningarskil sem áttu sér stað í bandarísku samfélagi. Ungt fólk þessa tíma vildi meira frelsi og reis upp gegn íhaldssömum gildum sjötta áratugarins og afturhaldslegri stjórnmálastefnu kalda stríðsins.

Hippatímabilið blómstraði bæði í samfélaginu og á hátíðinni. Talið er að rúmlega fjögur hundruð þúsund manns hafi komið saman til að hlýða á þá sem fram komu á hátíðinni. Meðal þeirra sem spiluðu voru: Jimi Hendrix, Joe Cocker, Creedence Clearwater Revival og Joni Mitchell.

Slagorð Woodstock var; Þrír dagar af tónlist og friði og var hátíðin sú stærsta í heiminum á þessum tíma. Tímaritið Rolling Stone valdi Woodstock-hátíðina á lista yfir fimmtíu stærstu atburði sem breytt hafa sögu rokksins.



**Jimi Hendrix á sviði á Woodstock.**
NORDICPHOTOS/GETTY

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. ágúst 2018 | 29. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Stóra plan WOW air

Pareto hefur umsjón með 6 til 12 milljarða skuldabréfafjármögnun sem á að klárast í ágúst. Fjárfestafundir hefjast í vikunni. Útgáfan hugsuð sem brúarfjármögnun fram að skráningu á hlutabréfamarkað innan 18 mánaða. Afkoma WOW hefur versnað til muna á árinu og eiginfjárhlutfallið er undir 5 prósentum.

»2

MYND/ANTON BRINK



»4

## Fjártækniklasa komið á fót

Nýr klasi fyrir fjártæknifyrirtæki hefur starfsemi í haust og gera stofnendur hans ráð fyrir tugum aðildarfyrirtækja. Gunnlaugur Jónsson framkvæmdastjóri segir mikla þörf á klasastarfi í fjártæknigeiranum vegna þeirra öru breytinga sem fjármálakerfið stendur frammi fyrir.

»6

## Deyfð og drungi á hlutabréfamarkaði

Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri í tæp þrjú ár. Meira umstang fylgir því fyrir lífeyrissjóðina að stunda hlutabréfaviðskipti nú en áður enda eru ríkari kröfur gerðar til fjárfestinga þeirra. Bein hlutabréfaeign þeirra hefur minnkað að undanförnu.

»10

## Losað um spennu

„Á meðan húsnæðisskortur er enn við lýði eru allar líkur á að stór hluti launahækkana leki áfram inn á fasteignamarkaðinn. Grípa þarf til annarra úrræða,“ segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, í aðsendri grein.




# Attestor minnkar við sig í Arion

Breski vogunarsjóðurinn Attestor Capital hefur selt ríflega hálfs prósents eignarhlut í Arion banka eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað um miðjan júnímánuð. Sjóðurinn seldi þriggja prósenta hlut í útboði bankans og hefur þannig á skömmum tíma minnkað hlut sinn um 3,5 prósent af hlutafé bankans.

Attestor, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Arion banka í mars í fyrra, átti 8,92 prósenta hlut í bankanum í lok síðasta mánaðar. Til samanburðar var eignarhluturinn um 12,44 prósent áður en Arion banki var skráður á markað í júní en sjóðurinn keypti fyrr á árinu tveggja prósenta hlut í bankanum.

Engar söluhömlur gilda um tveggja prósenta hlut í eigu Attestor eftir hlutafjárútboðið, samkvæmt skilmálum hlutafjárútboðsins, en að öðru leyti má vogunarsjóðurinn ekki selja hlutabréf sín í bankanum í 180 daga eftir að útboðinu lauk.

Samkvæmt heimildum Markaðarins varð breyting á fjárfestingastefnu vogunarsjóðsins eftir að sjóðsstjórinn Pierre Bour, sem var meðeigandi Attestor Capital, lét af störfum fyrr á árinu. Var þá ákveðið að draga úr vægi Arion banka í eignasafni sjóðsins.

Engar breytingar hafa orðið á eignarhlut annarra stærstu hluthafa bankans eftir skráningu.

Við lokun markaða í gær nam hlutabréfaverð Arion banka 89 krónum á hlut og var um nítján prósentum hærra en í útboði bankans fyrr í sumar þegar Kaupþing og Attestor seldu um 29 prósenta hlut á genginu 75 fyrir samtals um 39 milljarða.

Kaupendur bréfanna voru að stærstum hluta erlendir fjárfestingasjóðir á meðan íslenskir fjárfestar – almenningur, fagfjárfestar og lífeyrissjóðir – fengu aðeins að kaupa samanlagt um 9 prósenta hlut. **– kij**

# Costa áformar að opna á Íslandi

Kaffihúsakeðjan Costa, sem er sú næststærsta í heiminum, áformar að opna á Íslandi. Leitað er að húsnæði í miðbæ Reykjavíkur um þessar mundir. Þetta herma heimildir Markaðarins. Ekki er vitað hver sérleyfishafi keðjunnar verður hérlendis. Fjölmiðlafulltrúar Costa hafa ekki svarað fyrirspurn Markaðarins um áformin.

Costa, stærsta kaffihúsakeðja Bretlands, rekur um 3.800 kaffihús í 32 löndum. Meirihluti þeirra er í Bretlandi en forsvarsmenn fyrirtækisins stefna á að reka 1.200 kaffihús í Kína fyrir árið 2020. Costa var stofnað af ítölskum innflytjendum í Bretlandi árið 1971 sem seldu kaffihúsin til Whitbread árið 1995. Whitbread, sem skráð er á hlutabréfamarkað í London, rekur meðal annars hótelkeðjuna Premier Inn, stærstu hótelkeðju Bretlands sem er með 750 hótel á sínum snærum, og veitingastaði.

Stjórnendur Whitbread hafa í hyggju að kljúfa rekstur Costa frá samstæðunni (spin-off) og skrá á hlutabréfamarkað eftir að aðgerðarfjárfestar þrýstu á um það. Í þeim hópi er Elliott Management sem átti kröfur á föllnu íslensku bankana. Líklegt er að sú vinna muni taka tvö ár. **– hvj**




MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Skúli Mogensen, forstjóri WOW, en rekstrartap félagsins síðustu tólf mánuði nemur 5 milljörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# WOW air í milljarða skuldabréfaútboð

**Pareto hefur umsjón með 6 til 12 milljarða skuldabréfafjármögnun sem á að klárast í ágúst. Fjárfestafundir hefjast í vikunni. Útgáfan hugsuð sem brúarfjármögnun fram að skráningu á hlutabréfamarkað innan 18 mánaða. Afkoman versnað til muna á árinu og eiginfjárhlutfallið er undir fimm prósentum.**

WOW air hyggst sækja sér aukið fjármagn til að treysta starfsemi fyrirtækisins með útgáfu þriggja ára skuldabréfs til evrópskra fjárfesta. Hefur félagið í því skyni gengið frá samkomulagi við norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities sem mun hafa umsjón með skuldabréfaútboðinu sem á að klárast á allra næstu vikum. Áætlað er að stærð útboðsins verði á bilinu 500 til 1.000 milljónir sænskra króna, jafnvirði um sex til 12 milljarða íslenskra króna.

Fundir með fjárfestum hefjast í þessari viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, en Pareto er einn helsti ráðgjafi við skuldabréfaútboð á Norðurlöndum og hefur síðustu misseri meðal annars haft umsjón með slíkri fjármögnun fyrir Icelandair og Norwegian air.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, sagðist aðspurð ekkert geta tjáð sig um málið.

Fram kemur í drögum að fjárfestingakynningu Pareto vegna útboðsins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að skuldabréfaútgáfan sé hugsuð sem brúarfjármögnun fram að áformuðu frumútboði WOW air innan næstu 18 mánaða. Þá hyggst flugfélagið sækja sér nýtt hlutafé og verði í kjölfarið skráð á markað en í dag er Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, eini hluthafi félagsins.

Rekstrarumhverfi íslensku flugfélaganna hefur versnað til muna að undanförnu, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkandi olíuverðs, en í afkomutilkynningu sem WOW air sendi frá sér um miðjan síðasta mánuð kom fram að tap á árinu 2017 hefði numið 2,2 milljónum dala, jafnvirði um 2,4 milljarða króna. Þá minnkaði hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsgjöld og skatta (EBITDA) um 91 prósent milli ára og var 4 milljónir dala.

Afkoma WOW air, eins og í tilfelli Icelandair, hefur hins vegar farið enn versnandi það sem af er þessu ári en í fjárfestakynningu Pareto er að finna upplýsingar, sem ekki hafa áður birst, um afkomuna fyrir júlí 2017 til júní 2018 og áætlanir fyrir þetta ár og árið 2019. Þótt tekjur hafi aukist mikið síðustu tólf mánuði var EBITDA félagsins neikvæð um 26 milljónir dala á tímabilinu. Gert er ráð fyrir viðsnúningi á seinni árshelmingi og að EBITDA fyrir árið í heild verði neikvæð um sex milljónir dala. Þá muni afkoman batna verulega 2019 þar sem tekjur verði samtals 826 milljónir dala, borið saman við 486 milljónir dala í fyrra, og að EBITDA félagsins nemi samtals 64 milljónum dala. Rekstrartap (EBIT) síðustu tólf mánaða nemur 45 milljónum dala, jafnvirði um fimm milljarða króna, en tapið var um 1,5 milljarðar allt árið í fyrra.

**1,6**

**milljónir dala eru þau áhrif sem eins prósents hækkun olíuverðs hefur á hagnað WOW fyrir leigugreiðslur, afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt ( EBITDAR)**

### Sjö milljóna evra lán frá Arion

Eiginfjárhlutfall WOW air var aðeins um 4,5 prósent í lok júní á þessu ári borið saman við 10,9 prósent í árslok 2017. Þannig nemur eigið fé 14 milljónum dala en auk þess hefur Títan fjárfestingafélag, móðurfélag WOW air, veitt flugfélaginu víkjandi lán upp á sex milljónir dala. Hlutafé félagsins var aukið um liðlega helming í júní síðastliðnum þegar Skúli lagði 60 prósenta eignarhlut sinn í Cargo Express inn í WOW air ásamt því að breyta tveggja milljarða króna kröfu á hendur flugfélaginu í hlutafé. Í nóvember í fyrra breytti Títan, fjárfestingafélag Skúla, einnig milljarða króna láni sínu til WOW air í hlutafé í þeim tilgangi að styrkja efnahagsreikning félagsins.

Í fjárfestakynningunni er upplýst að sjóðstreymi WOW air hafi verið jákvætt um 2,3 milljónir dala á síðustu tólf mánuðum. Þar munar miklu um fyrirframgreiðslu upp á 28 milljónir dala sem kom til á fyrri árshelmingi þessa árs í tengslum við sölu á tveimur Airbus A321 þotum í nóvember í fyrra sem félagið leigði síðan aftur.

Fyrir utan 6 milljóna evra lán sem WOW air fékk hjá Arion banka í september 2017, sem er á gjalddaga í september 2020 og ábyrgist Fjárfestingarsjóður Evrópu helming lánsfjárhæðarinnar, þá segir í kynningu Pareto að fyrirhuguð skuldabréfaútgáfa verði eina langtíma markaðsfjármögnun flugfélagsins. Vaxtaberandi skuldir WOW námu samtals 151 milljón dala um mitt þetta ár. Þar munar langsamlega mest um fjármögnunarleigusamninga upp á 139 milljónir dala vegna fjögurra Airbus A321 véla en auk lánsins frá Arion banka hefur félagið aðgang að um fimm milljóna dala lánalínu (e. revolving credit facility) frá bankanum. Ef hins vegar einnig er tekið tillit til núvirtra skuldbindinga vegna rekstrarleigusamninga sem WOW air hefur gert upp á samtals 439 milljónir dala, sem verða færðar inn í efnahagsreikning félagsins frá og með 2019, þá nema heildarvaxtaberandi skuldir flugfélagsins 590 milljónum dala.

Fram kemur í fjárfestakynningunni að vaxtakjör skuldabréfsins muni lækka um 150 punkta takist WOW air að sækja sér 75 milljónir dala í nýtt hlutafé og skrá hlutabréf þess á markað. Á meðal skilmála sem kveðið er á um er að WOW air viðhaldi að lágmarki 25 milljóna dala eigin fé fyrstu tólf mánuðina eftir útgáfu skuldabréfsins, sem hækki síðan upp í 30 milljónir dala, og varasjóði sem verði meiri en sem nemur 12,5 prósentum af höfuðstól þess.

**hordur@frettabladid.is**




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
mazda.is

# Fjártækniklasa komið á fót

**Nýr klasi fyrir fjártæknifyrirtæki hefur starfsemi í haust og gera stofnendur hans ráð fyrir tugum aðildarfyrirtækja. Gunnlaugur Jónsson framkvæmdastjóri segir mikla þörf á klasastarfi í fjártæknigeiranum vegna þeirra öru breytinga sem fjármálakerfið stendur frammi fyrir.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Gunnlaugur fékk hugmyndina að stofnun klasans eftir að hafa rýnt í markaðsaðstæður. Hann telur þörf á mun meira samstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Nýstofnaður fjártækniklasi hefur það að markmiði að ýta undir samstarf og miðlun þekkingar á milli þeirra fyrirtækja sem starfa innan geirans. Búist er við tugum aðildarfyrirtækja en stofnendur klasans eru Þór Sigfússon stjórnarformaður, sem stofnaði einnig Sjávarklasann, og Gunnlaugur Jónsson sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra.

Gunnlaugur var áður framkvæmdastjóri olíuleitarfyrirtækisins Eykon Energy og einn stofnenda sprotafyrirtækisins Fronkensteen. Hann segir í samtali við Markaðinn að stofnun klasa fyrir fjártæknifyrirtæki sé brýn enda séu örar breytingar fram undan í fjármálaheiminum.

„Ég tel að landslagið í fjármálum muni gjörbreytast á næstu árum og áratugum nema yfirvöld skelli öllu í lás sem er ólíklegt. Þróunin er að mörgu leyti í átt að því að aflétta samkeppnishindrunum sem eru innbyggðar í regluverk fjármálakerfisins um allan heim. Bankar og fjármálafyrirtæki munu þurfa að finna sér ný líkön og geta ekki lengur treyst að sama skapi á landfræðilega vernd eins og staðsetningu innan ákveðinna myntsvæða," segir Gunnlaugur. „Stór fjármálafyrirtæki, bæði á Íslandi og erlendis, hafa áttað sig á því að þau verði að taka þátt í þróuninni."

Gunnlaugur segir að hugmyndin að stofnun klasans hafi kviknað þegar hann lagðist yfir markaðinn ásamt áhugamönnum um fjártækni til þess að reyna að skilja hvað væri í gangi. „Ég komst að þeirri niðurstöðu að mun meira samstarf þyrfti að vera á milli fjártæknifyrirtækja sem eru að gera ólíka hluti."

Undirbúningsvinna fyrir stofnun klasans hófst síðastliðinn vetur og er stefnt að því að starfsemin hefjist formlega í haust. „Við verðum með húsnæði þar sem fjártæknifyrirtæki eru til húsa þannig að í nábýlinu skapist gróska. Það hefur sýnt sig í Sjávarklasanum og við byggjum á þeirri reynslu," segir Gunnlaugur. „Grundvöllur fyrir samstarf, hugmyndir og lærdóm er ekki síður sprottinn frá óformlegu nábýli en formlegum fundum."

**Byggja á reynslu nágrannalanda**

Fjártæknigeirinn er góður vettvangur fyrir klasastarf, að sögn Gunnlaugs, þar sem erfitt getur verið að fóta sig í flóknum heimi fjármálanna. „Það eru lagalegir angar af öllu tagi, alls konar regluverk og skammstafanir um allt saman og við það blandast fjármálafræðin, hugbúnaðargerð og neytendahegðun. Enginn veit allt og þess vegna getur mikil gróska sprottið út frá samskiptum," segir Gunnlaugur. „Fólk þarf að þreifa sig áfram og í því felst að læra af mistökum annarra. Það er oftast gengið út frá að nýsköpunarferlið sé uppfullt af mistökum en það er hægt að fækka þeim með því að endurtaka ekki mistök annarra."

Þá mun Fjártækniklasinn jafnframt byggja á reynslu álíka klasa á Norðurlöndum og í Bretlandi sem hafa náð góðum árangri. „Við erum í sambandi við fjártækniklasa í nágrannalöndum og vonumst til þess að íslensk fyrirtæki geti fundið tækifæri í samstarfi þvert á landamæri. Bretar eru til dæmis komnir langt í því sem kallast opin bankastarfsemi (e. open banking) sem snýst um að bankar veiti fjártæknifyrirtækjum aðgang að upplýsingum og möguleikanum á að framkvæma færslur innan bankans undir eftirliti."

### Flóran í fjártækni

Af þeim íslensku fyrirtækjum sem gætu flokkast sem fjártæknifyrirtæki má nefna Meniga sem hannaði samnefnt rafrænt heimilisbókhald, Stokk sem hannaði færslusmáforritið Aur og Kóða sem hefur hannað ýmsar hugbúnaðarlausnir fyrir hlutabréfamarkaðinn. Einnig má nefna Advania, lánasjóðinn Framtíðina, CreditInfo, Netgíró, Monerium, Pei Reiknistofu bankanna og Krít fjármögnunarlausnir. Þá var greint frá því í júlí að Libra, sem selur lánaumsýslukerfi til íslensku bankanna, hefði verið keypt af hollenska fyrirtækinu Five Degrees fyrir mörg hundruð milljónir króna.

**Tugir aðildarfyrirtækja**

Aðspurður segir Gunnlaugur að búist sé við tugum aðildarfélaga í klasanum og að í heildina séu um 70 til 80 fyrirtæki sem fáist við fjártækni með einhverjum hætti. Þar með taldir eru íslensku viðskiptabankarnir.

„Skilgreiningin á fjártæknifyrirtæki er mjög loðin vegna þess að stærstu fjártæknifélög landsins eru í raun bankarnir en hugtakið hefur iðulega verið notað óformlega um fyrirtæki í nýsköpun. Það má segja að klasinn verði myndaður úr hefðbundnum fjármálafyrirtækjum annars vegar og nýsköpunarfyrirtækjum hins vegar," segir Gunnlaugur og nefnir að hefðbundin fjármálafyrirtæki geti veitt smærri fjártæknifyrirtækjum brautargengi, eins og þegar Meniga fór í samstarf við Íslandsbanka.

Starfsemi klasans verður byggð frá grunni og verður Gunnlaugur eini starfsmaðurinn til að byrja með. Hann segir að starfsemin sé að miklu leyti félagsstarf enda gangi hún út á að skapa umhverfi sem stuðlar að því að hugmyndir vakni og að snertifletir myndist. „Við höldum viðburði sem geta verið af ýmsu tagi og húsnæðið verður þá nokkurs konar félagsmiðstöð. Þetta geta verið málþing, kynningar eða einfaldlega almennir tengslamyndunarviðburðir þar sem fólk hittist án þess að það sé nein dagskrá," segir Gunnlaugur og bætir við að yfirgnæfandi hluti þeirra fyrirtækja sem hann hefur nú þegar rætt við um stofnun klasans hafi tekið mjög vel í hana.

Stofnun Sjávarklasans árið 2011 gaf góða raun og nú eiga rúmlega 60 fyrirtæki og stofnanir í ýmiss konar haftengdri starfsemi á Íslandi aðild að klasanum. Fjórum árum síðar var Íslenski ferðaklasinn stofnaður og eru aðildarfyrirtæki hans 45 talsins.




## Keypti 60 prósenta hlut í Sports Direct á Íslandi fyrir 345 milljónir króna

Breska íþróttavörukeðjan Sports Direct keypti 60 prósenta hlut í Rhapsody Investments, móðurfélagi verslunar Sports Direct í Kópavogi, fyrir 2,5 milljónir breskra punda eða sem jafngildir um 345 milljónum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi bresku keðjunnar fyrir síðasta rekstrarár sem lauk í apríl.

Greint var frá kaupunum í Markaðinum í byrjun febrúar síðastliðins en seljendur voru Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson og fjölskylda. Var kaupverðið sagt trúnaðarmál. Eftir kaupin á breska keðjan, sem er í eigu breska kaupsýslumannsins Mikes Ashley, verslunina að öllu leyti.

Deilur höfðu staðið yfir á milli Ashleys og íslensku fjárfestanna um nokkurt skeið. Þannig var greint frá því í dagblaðinu Sunday Times í ágúst í fyrra að keðja Ashleys, sem átti þá 40 prósenta hlut í Sports Direct á Íslandi, hefði boðist til þess að kaupa 60 prósenta hlut Íslendinganna á 100 þúsund evrur eða sem jafngildir um 12,4 milljónum króna.



Mike Ashley, eigandi bresku íþróttavörukeðjunnar Sports Direct. NORDICPHOTOS/GETTY

Í fréttinni sagði hins vegar að ekki væri óvarlegt að ætla að virði verslunarinnar næmi sem jafngildir 2,5 milljörðum króna.

NDS, rekstrarfélag verslunarinnar, hagnaðist um ríflega 135 milljónir króna á rekstrarárinu frá maí 2016 til apríl 2017 og tvöfaldaðist hagnaðurinn á milli rekstrarára. Velta NDS nam tæplega 1.050 milljónum króna og voru rekstrargjöldin um 919 milljónir.

Verslun Sports Direct á Íslandi, sem var opnuð árið 2012, var í frétt Sunday Times sögð sú arðbærasta sem rekin væri undir merkjum Sports Direct en þær eru alls um 700 talsins í 19 Evrópuríkjum. **– kij**


EURO NCAP
FOR SAFER CARS
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki samkvæmt
EURO NCAP.
OPEL CROSSLAND X
FRÁBÆR
FERÐAFÉLAGI
Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur. Einnig fæst Crossland X með bílsætum sem hlotið hafa AGR vottun samtaka þýskra baksérfræðinga.
Nýttu þér frábær kjör áður en
verð á nýjum bílum hækkar vegna
fyrirhugaðra reglugerðabreytinga
Crossland X Enjoy, verð: 3.090.000 kr.
Tilboðsverð
2.890.000 kr.
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Kynntu þér Opel Crossland X og bókaðu
reynsluakstur á crossland.opel.is
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna

# Deyfð og drungi á hlutabréfamarkaði

**Minni umsvif lífeyrissjóða er ein helsta ástæðan að baki verðlækkunum undanfarinna missera á innlendum hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri í tæp þrjú ár. Meira umstang fylgir því fyrir lífeyrissjóðina að stunda hlutabréfaviðskipti nú en áður enda eru ríkari kröfur gerðar til fjárfestinga þeirra.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur lækkað um þrjú prósent það sem af er ári en hún hefur ekki verið lægri síðan á haustmánuðum 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á meðan úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur lækkað um hátt í ellefu prósent á síðustu tólf mánuðum hafa helstu hlutabréfavísitölur heims og nágrannalanda Íslands verið á uppleið. Minnkandi umsvif lífeyrissjóða, sem hafa meira selt en keypt af íslenskum hlutabréfum undanfarna mánuði, eru veigamikil ástæða að baki verðlækkununum að mati viðmælenda Markaðarins.

„Lífeyrissjóðirnir hafa haldið að sér höndum á hlutabréfamarkaði og einbeitt sér fremur að erlendum fjárfestingum og sjóðfélagalánum,“ segir Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku banka.

Minni þátttaka lífeyrissjóðanna birtist einnig í minnkandi veltu á hlutabréfamarkaði. Þannig nam samanlögð velta á markaðinum ríflega 260 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs en til samanburðar var hún 367 milljarðar á sama tíma í fyrra og 290 milljarðar á fyrri helmingi ársins 2016.

„Lífeyrissjóðirnir hafa hætt að sýna hlutabréfamarkaðinum áhuga,“ segir sérfræðingur sem Markaðurinn ræddi við. Það sé áhyggjuefni í ljósi þess hve mikið sjóðirnir eiga undir því að markaðurinn sé virkur.

„Þegar svo stórir aðilar, sem varðveita megnið af sparnaði almennings, beina sjónum sínum annað þá hefur það eðli máls samkvæmt áhrif á skilvirkni markaðarins,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Einn viðmælandi Markaðarins nefnir að vegna stífara regluverks í kjölfar falls fjármálakerfisins fylgi því meira umstang fyrir lífeyrissjóðina en áður að stunda hlutabréfaviðskipti. Flækjustigið sé meira.

„Ég held að margir á markaði myndu vilja að lífeyrissjóðirnir væru virkari, til dæmis í því að leggja fram sölu- og kauptilboð, til þess að markaðurinn yrði dýpri og þar af leiðandi betri. En um leið felur það í sér heilmikla vinnu af þeirra hálfu.“

**Erfitt að finna kaupendur**

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur um þessar mundir ekki verið lægri í tæp þrjú ár eða síðan í september árið 2015. Hlutabréf flestra skráðra félaga eru undirverðlögð að mati greinenda og er nú svo komið að markaðsvirði nokkurra félaga, til dæmis Arion banka, Heimavalla og Icelandair Group, er lægra en virði eigin fjár þeirra.

Hafa greinendur ráðgjafafyrirtækisins Capacent sem dæmi bent á að það gæti borgað sig fyrir hluthafa Heimavalla að leysa leigufélagið einfaldlega upp og selja eignir eða fyrir fjárfesta að kaupa félagið og selja fasteignir þess.

Í tilfelli fasteignafélaganna Eikar, Regins og Reita er markaðsvirði þeirra að meðaltali jafnt bókfærðu virði, samkvæmt útreikningum Capacent.

Viðmælendur Markaðarins lýsa sumir hverjir stöðunni sem grafalvarlegri. Seljendur eigi frumkvæði að flestum viðskiptum á markaðinum og að jafnaði sé erfitt, ef ekki ómögulegt, að finna kaupendur að bréfum. Ekki hjálpi til hve litla veltu þurfi til þess að hreyfa við gengi hlutabréfa og breyta markaðsvirði félaga um marga milljarða króna.

Þrátt fyrir að ýmsar blikur séu á lofti – til dæmis vegna minni vaxtar ferðaþjónustunnar, kólnunar hagkerfisins og komandi kjaraviðræðna – telja sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við erfitt að halda því fram að markaðurinn sé yfirverðlagður. Vandamálið tengist fremur flæðinu: Meiri fjármunir hafa streymt út af markaðinum en hafa komið inn.

„Menn fara ekki inn á markaðinn því aðrir eru ekki að fara inn,“ segir einn viðmælandi.

**Íslenski markaðurinn sker sig úr**

Íslenski markaðurinn sker sig úr þegar horft er á þróun vísitalna annarra ríkja. Þannig hefur úrvalsvísitala Kauphallarinnar fallið um 10,7 prósent á undanförnum tólf mánuðum en á sama tíma hefur S&P 500 í Bandaríkjunum rokið upp um 17 prósent, FTSE 100 í Bretlandi hækkað um 4,3 prósent, OMX 30 í Stokkhólmi farið upp um fjögur prósent og DAX í Þýskalandi hækkað um 1,4 prósent.

## Enn er mikið verk fyrir höndum að byggja upp traust almennings á hlutabréfamarkaðinum

Þrátt fyrir að hafa aukist lítillega undanfarin misseri, í kjölfar hlutafjárútboðs Arion banka, er þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði enn sögulega lítil. Þannig nam bein hlutabréfaeign almennings um 4,5 prósentum af heildarmarkaðsvirði félaga í Kauphöllinni í lok síðasta mánaðar, samkvæmt gögnum frá Kauphöllinni. Hlutfallið var um 3,8 prósent í lok árs 2016 en á árunum fyrir fall fjármálakerfisins átti almenningur að jafnaði samanlagt á bilinu um 12 til 17 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa.

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar, segir að enn sé verk fyrir höndum að byggja upp traust almennings gagnvart markaðinum. „Við erum ekki komin alla leið á þeirri vegferð þó svo að umgjörðin hafi verið treyst til muna. Ég hef trú á því að þátttaka almennings muni aukast hægt og bítandi,“ nefnir hann.

„En að því sögðu tel ég mikilvægt að löggjafinn komi einnig að málum. Það er brýnt að hvatt sé til aukins sparnaðar í hlutabréfum. Skattaafsláttur, í líkingu við það sem var við lýði hér á árum áður, yrði til dæmis mikilvægt skref til þess að efla þátttöku almennings og við erum vongóð um að stjórnvöld sýni þeirri leið góðan skilning,“ segir Magnús.

Aðspurður segir Stefán Broddi litla þátttöku almennings ekki eingöngu eiga við hér á landi. Víða um heim hafi dregið úr þátttöku almennings eftir fjármálahrunið.

**Júlímánuður var líkast til almennt sá versti sem við höfum séð eftir að markaðurinn var endurreistur.**

Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku



**Mér finnst það almennt vera heilbrigðismerki hve breytileg þróunin er eftir einstökum félögum.**

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar



**Mörg skráð félög eru að vaxa um þessar mundir og nota Kauphöllina til þess að styðja við þann vöxt.**

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka



Það ætti því vart að koma á óvart að þeir hlutabréfasjóðir í stýringu íslenskra sjóðastýringarfélaga sem hafa skilað hvað mestri ávöxtun á undanförnum tólf mánuðum séu sjóðir sem fjárfesta að meginstefnu til í erlendum hlutabréfum. Nær allir hlutabréfasjóðir sem fjárfesta í innlendum hlutabréfum hafa á sama tíma skilað neikvæðri ávöxtun en þar sem ávöxtunin er lökust er hún neikvæð um 17 prósent.

Eggert Þór segir hlutabréfamarkaðinn hafa átt undir högg að sækja á undanförnum mánuðum. Hann hafi einkennst af töluverðum verðlækkunum og minnkandi veltu.

„Júlímánuður var líkast til almennt sá versti sem við höfum séð eftir að markaðurinn var endurreistur,“ nefnir hann en úrvalsvísitalan lækkaði um sjö prósent í mánuðinum. Dróst veltan saman um þrjú prósent á milli ára en 33 prósent sé leiðrétt fyrir 11 milljarða króna kaupum Samherja á fjórðungshlut Yucaipa í Eimskip.

„Það má segja að bölmóður hafi tekið völdin þegar slæmar fregnir fóru að berast af Icelandair Group,“ nefnir Eggert Þór. „Við bætist óvissa vegna kjaraviðræðna á seinni hluta ársins – en umræðan virðist benda til þess að himinn og haf sé á milli viðsemjenda – og almennur skortur á kaupendum á markaðinum,“ útskýrir Eggert Þór. Lífeyrissjóðirnir hafi haldið að sér höndum. Almennt séð vanti fleiri einkafjárfesta inn á markaðinn. Þó megi benda á að kaup Samherja í Eimskip hafi vakið mikla athygli.

**Minni umsvif lífeyrissjóða**

Bein hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í skráðum félögum nam 38,4 prósentum af heildarmarkaðsvirði félaganna í lok síðasta mánaðar, samkvæmt gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Markaðinn, og hefur hlutfallið farið lítillega

# Krakkaklúbburinn Krummi tekur til starfa



Ragnheiður Vignisdóttir er verkefnastjóri Krakkaklúbbsins Krumma en starfsemi klúbbsins hefst í Listasafni Íslands á Menningarnótt. MYND/ÞÓRSTEINN

**Listasafn Íslands hefur lengi verið með virkt barnastarf þar sem viðburðir eru skipulagðir í tengslum við sýningar safnsins. Nú hefur verið ákveðið að stofna krakkaklúbb til að efla barnastarfið og auðvelda fjölskyldum að skipuleggja sig í kringum það.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ragnheiður Vignisdóttir hefur haldið utan um barnastarf safnsins undanfarin tvö ár. „Síðastliðna mánuði hefur safnið verið að móta ákveðna framtíðarsýn fyrir skipulagt barnastarf í Listasafni Íslands og felst hún meðal annars í því að starfið fái sérstakt nafn og lógó,“ segir Ragnheiður. „Öll starfsemi sem tengist börnum, viðburðir, smiðjur og fræðsla verður römmuð inn undir sama nafninu og merkinu, Krakkaklúbburinn Krummi. Þannig viljum við lyfta barna- og fjölskyldustarfinu í Listasafni Íslands á ákveðinn gæðastall þar sem fólk gengur að fjölbreyttri og vandaðri starfsemi.“

Hún segir að starfsemi klúbbsins verði einkum um helgar. „Krummi mun standa fyrir fjölbreyttri dagskrá í hverjum mánuði þar sem börnum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafnsins, skapa listaverk og leika sér í nærandi umhverfi. Tenging við sýningar og starfsemi safnsins er ávallt höfð að leiðarljósi við dagskrárgerð Krakkaklúbbsins Krumma. Dagskrá verður gefin út tvisvar sinnum á ári og viðburðir verða endurteknir tvisvar sinnum í sama mánuði, bæði þannig að fleiri komist að og líka til þess að nýta vel þá þekkingu og undirbúningsvinnu sem liggur að baki hverjum viðburði.“

Ragnheiður segir markmið klúbbsins vera fjölbreytt. „Með þessu erum við að vonast til þess að festa í sessi það skemmtilega barna- og fjölskyldustarf sem hefur verið unnið í Listasafni Íslands. Starfið hefur verið mjög vel sótt og mikill áhugi hjá fjölskyldum að koma á safnið. Við vonum að Krakkaklúbburinn Krummi verði fastur liður í huga foreldra og barna og verði því starfandi til lengri tíma. Með því vonum við að safnið verði virkur þátttakandi í barnamenningu á Íslandi.“ Meðal þess sem verður á dagskránni hjá Krumma á haustmánuðum er viðburðurinn Dýr, furðuverur og spúandi eldfjöll í tengslum við sýninguna Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon og einnig verður kennsla í skrift á skinn með fjaðrapenna og jurtableki í nóvember. Það skal tekið fram að klúbburinn er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Þá er með stofnun krakkaklúbbsins enn fremur verið að heiðra minningu Ásgerðar Búadóttur myndlistarmanns. „Með stofnun krakkaklúbbsins vill Listasafn Íslands heiðra Ásgerði Búadóttur myndlistarmann með því að nota klippimyndir úr barnabókinni Rauði hatturinn og Krummi eftir Ásgerði sem innblástur og merki barnastarfsins. Þess verður ávallt getið í útgefnum kynningarbæklingi hvaðan nafnið og lógóið sé komið, en safnið hefur fengið leyfi frá höfundaréttarhöfum til þess að nota myndirnar.“

Formleg opnun klúbbsins er á Menningarnótt, 18. ágúst, kl. tvö en þá munu börn úr barnakór Ísaksskóla flytja lög um krumma undir yfirskriftinni Krummi krunkar í Listasafni Íslands undir stjórn Sunnu Karenar Einarsdóttur.

Allar nánari upplýsingar um Krakkaklúbbinn Krumma má finna á listasafn.is.






HAUST
ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
35-70%
AFSLÁTTUR
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR




Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Fellihýsi



**FLOTT FELLIHÝSI**
Fleetwood Americana Santa Fe árgerð 2007, með fortjaldi, markhýsu, tv og fl. Verð 890þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313

## Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569


# NÝR TOYOTA YARIS 2018*

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið




AÐEINS 25 ÞÚS Á MÁNUÐI** 80%lán

AÐEINS 29 ÞÚS Á MÁNUÐI*** 90%lán

Fyrir aðeins 99 þúsund kr. aukalega færð þú 15" álfelgur og filmaðar rúður.

**Vel búnir**
√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi

*Yaris 1,0 beinsín beinskiptir nýr bíll árgerð 2018

*Bílar í ábyrgð – Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða*

VERÐ KR. 1.990 ÞÚS.

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%
***Miðað við 90% lán til 60 mánaða - Ársvextir eru 8,15%. ÁHK 10,05%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

minnkandi á undanförnum misserum en það var til samanburðar 41,6 prósent í lok árs 2016.

Nokkrir viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði segja það vekja furðu hve lítið lífeyrissjóðirnir hafi látið til sín taka á hlutabréfamarkaðinum, sér í lagi í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem þeir hafa sjálfir að gæta að markaðurinn sé virkur og flæði fjármagns inn á hann stöðugt.

„Spurningin sem fjárfestar velta nú fyrir sér er hvað lífeyrissjóðirnir ætli sér að gera á hlutabréfamarkaðinum,“ nefnir einn viðmælandi og bætir við:

„Sjóðirnir komu á sínum tíma að endurreisn hlutabréfamarkaðarins í gegnum Framtakssjóðinn. Þá þótti mikilvægt að markaðurinn næði flugi. Nú spyrja menn sig hins vegar: Hvað verður um markaðinn ef Marel fer rétt eins og Össur gerði í fyrra? Hvað verður þá eiginlega eftir?“

Stefán Broddi segir það rétt að lífeyrissjóðirnir séu ekki eins áberandi á verðbréfamarkaðinum og áður. Þegar svo stórir fjárfestar, sem varðveita megnið af sparnaði almennings, beini sjónum sínum annað hafi það eðli máls samkvæmt áhrif á skilvirkni markaðarins.

„Verðbréfamarkaðurinn er mikilvægur fyrir alla eignamyndun á Íslandi. Hann er í raun grunnur að verðlagningu á nær öllum eignum hér landi og því er mikilvægt að hann virki vel. Þarna er ég ekki að tala um verðbreytingar á einstökum hlutabréfum heldur verðmyndun á skuldabréfum ríkisins og fyrirtækja og verðmyndun á eigin fé í krónum yfirhöfuð,“ nefnir Stefán Broddi.

**Minna innflæði erlendis frá**

Árin 2016 og 2017 vó innflæði erlendra fjárfesta inn á íslenska hlutabréfamarkaðinn að hluta til á móti útflæði innlendra fjárfesta, þar á meðal lífeyrissjóðanna, en á þessu ári hefur innflæðið dregist verulega saman.

Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands nam innflæði erlendra fjárfesta í innlend hlutabréf, vegna nýfjárfestinga, tæpum 11 milljörðum króna á fyrri helmingi þessa árs borið saman við 33 milljarða á seinni helmingi síðasta árs.

Bein hlutabréfaeign erlendra fjárfesta var 18,8 prósent af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í lok síðasta mánaðar, að því er fram kemur í gögnum Kauphallarinnar, en til samanburðar var hlutfallið 21 prósent í september í fyrra og 17,8 prósent í lok árs 2016. Þess má þó geta að afskráning Össurar úr Kauphöllinni í nóvember á síðasta ári hefur áhrif á samanburð á milli ára.

Þeir erlendu fjárfestar sem hófu innreið sína á hlutabréfamarkaðinn á árunum 2015 til 2017 – til dæmis bandarísku sjóðastýringarfélögin Eaton Vance og Wellington og breski vogunarsjóðurinn Lansdowne Partners – hafa lítið bætt við sig í skráðum félögum það sem af er árinu og þá hafa fáir erlendir sjóðir komið nýir inn í hluthafahóp Kauphallarfélaga. Bandaríska fjárfestingafélagið American Funds, dótturfélag Capital Group, er þó undanskilið en sjóður í stýringu þess komst í júní í hóp tuttugu stærstu hluthafa Marels með 1,16 prósenta hlut.

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar, segist eiga von á því að á næstu misserum muni þátttaka erlendra fjárfesta á markaðinum aukast enn frekar. „Hún hefur vitaskuld verið að aukast undanfarið og eiga erlendir fjárfestar nú væntan hlut í flestum skráðum félögum og teljum við að áframhald verði á þeirri þróun. Við förum jafnframt vonandi inn í FTSE-vísitölumengið í haust og gæti það hjálpað okkur á þessari vegferð,“ segir Magnús.

**Mikilvægt að fjölga fjárfestum**

Hann bætir við að stóra hagsmunamálið til framtíðar sé að fjölga fjárfestum, bæði almennum sem og erlendum fjárfestum, á hlutabréfamarkaðinum. „Skráning Arion banka, sem tókst að mörgu leyti ágætlega, hjálpaði okkur á báðum þessum sviðum. Þetta er eitthvað sem við vinnum ötullega að en framhaldið mun að stórum hluta velta á því hvernig okkur gengur að styrkja og bæta umgjörð markaðarins,“ segir Magnús.

**Kaup einkafjárfesta stórtíðindi**

Stefán Broddi segir að kaup Brims á ríflega þriðjungshlut í HB Granda og Samherja á fjórðungshlut í Eimskip séu á meðal þess sem stendur upp úr á hlutabréfamarkaðinum. „Þetta eru líkast til stærstu fjárfestingar einkafjárfesta í skráðum félögum frá endurreisn markaðarins. Það hefur í mörg ár verið kallað eftir því að aðrir innlendir fjárfestar en lífeyrissjóðir, sem hafa verið gagnrýndir fyrir að vera alltumlykjandi á hlutabréfamarkaðinum, fjárfesti í skráðum félögum. Þetta eru því stórtíðindi.“

Stefán Broddi segir að þótt mörgum verði tíðrætt um að markaðurinn hafi verið daufur undanfarið hafi síðustu mánuðir verið nokkuð tíðindamiklir. Nærtækt sé að nefna skráningu Arion banka í júní.

„Mörg skráð félög eru að vaxa um þessar mundir og nota Kauphöllina til þess að styðja við þann vöxt. Nefna mætti sameiningu N1 og Festar, kaup Regins á Fast-1 og þar á undan kaup Sýnar á eignum 365 og þá eru breytingar í farvatninu hjá Högum ef samkeppnisyfirvöld heimila yfirtöku félagsins á Olís. Marel, langstærsta félagið á markaðinum, hefur sýnt mjög góða og batnandi afkomu að undanförnu og hafa erlendir fjárfestar sýnt félaginu vaxandi áhuga enda skráning í erlenda kauphöll á dagskrá hjá Marel.

Afkoma Icelandair Group og fleiri félaga hefur síðan valdið vonbrigðum og þau vonbrigði hafa átt sviðsljósið.“

Stefán Broddi varar við því að mæla gæði verðbréfamarkaða eftir því hvort verð sé að hækka eða lækka. Aðrir þættir séu mikilvægari. „Gæðin ráðast aðallega af því hvort markaðir virki sem tæki til þess að senda út skilaboð um verð og til þess þarf þátttöku og skoðanaskipti,“ segir Stefán Broddi.

**Ólík þróun heilbrigðismerki**

Magnús segist til lengri tíma litið ekki hafa áhyggjur af minnkandi veltu í Kauphöllinni undanfarna mánuði.

„Við vitum að hugur lífeyrissjóðanna stendur um þessar mundir til þess að auka hlutdeild sína í erlendum eignum. Á meðan halda þeir nokkuð að sér höndum hér innanlands. En það er tímabundið verkefni og teljum við að veltan muni væntanlega taka við sér með haustinu,“ nefnir Magnús og bætir einnig við að von sé á því að þátttaka erlendra fjárfesta á hlutabréfamarkaðinum muni aukast enn frekar næstu misserin.

Aðspurður segir Magnús að ekki sé einhlítt að benda á þá þætti sem mestu valda um lækkun úrvalsvísitölunnar undanfarið. Svo virðist sem verðþróun einstakra félaga ráðist að mestu af tíðindum úr rekstri félaganna.

„Mér finnst það almennt vera heilbrigðismerki hve breytileg þróunin er eftir einstökum félögum. Ef við lítum til síðustu tólf mánaða hafa sum félög hækkað talsvert á meðan markaðurinn hefur brugðist verr við tíðindum af öðrum félögum sem hafa lækkað. Það er mikill breytileiki í verðþróun félaganna og það er ákveðið heilbrigðismerki.“

„Við teljum markaðinn annars vera í sjálfu sér á ágætum stað. Uppbyggingin gengur ágætlega. Þó svo að veltan hafi aðeins látið á sjá miðað við síðasta ár þarf ekki að fara mjög langt aftur í tímann til þess að sjá aukningu,“ nefnir Magnús.

**Kjaramálin stór óvissuþáttur**

Spurður um þróunina á næstu mánuðum segir Eggert Þór að ýmislegt ráðist af því hvort lífeyrissjóðirnir verði aftur virkari á markaðinum. Samþykki Samkeppniseftirlitsins á yfirtöku Haga á Olís gæti jafnframt blásið lífi í markaðinn. Það sama megi segja ef gengi krónunnar veikist frá því sem nú er. Kjaramálin verði hins vegar stór óvissuþáttur – hangandi yfir fjárfestum – í vetur.

### Þróun nokkurra hlutabréfavísitalna á síðustu tólf mánuðum:

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar: 11% ↓

S&P 500: 17% ↑

FTSE 100: 4% ↑

DAX: 1% ↑

Úrvalsvísitalan í Stokkhólmi: 4% ↑






# Harmleikur almenninganna



**Halldór Benjamín Þorbergsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Ögmundur Jónasson stakk niður penna í Fréttablaðið hinn 8. ágúst síðastliðinn og fjallar um eignarhald á landi og Samtök atvinnulífsins. Það er skemmst frá því að segja að Samtök atvinnulífsins hafa ekki yfirlýsta stefnu um eignarhald jarða á Íslandi. Það hef ég hins vegar og það er sjálfsagt að deila henni með Ögmundi. Hann segir meðal annars að Samtök atvinnulífsins hafi sýnt að þeim sé ekki sama um hin huglægu gildi og vísar hann þar í áherslu samtakanna á að styrkja íslenska tungu og menningu. Það er rétt hjá Ögmundi og það má bæta við að tangarsókn til verndar íslenskri tungu mun byggjast á samstarfi við erlend og risastór tæknifyrirtæki. Meira um það síðar. Hann spyr hvernig væri að leyfa landinu og auðlindum þess að fylgja með í þeim pakka; að auðlindirnar verði okkar allra. Skoðum það.

Saga auðlinda í almannaeigu er þyrnum stráð. Breski hagfræðingurinn William Forster Lloyd kallaði þetta harmleik almenninganna (e. the tragedy of the commons). Þegar eitthvað er í eigu allra hefur enginn hagsmuni af því að ganga vel um það. Þótt auðlindir séu í eigu einstaklinga er ekki þar með sagt að þeir geti gert við þær það sem þeim sýnist. Ríkið stýrir nýtingu á landi og auðlindum með lögum. Það dettur engum í hug að leggja eitthvað annað til. Ég get hins vegar deilt því með Ögmundi að erfiðu dæmin liggja á jaðrinum. Mér finnst í lagi að erlendir aðilar eigi nokkur prósent af landinu. Mér hugnast sýnu verr að þeir eigi nokkra tugi prósenta. Ég get ekki sætt mig við að landið verði í erlendri eigu. Alhæfingar eru nefnilega svo erfiðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þótt auðlindir séu í eigu einstaklinga er ekki þar með sagt að þeir geti gert við þær það sem þeim sýnist.

### Hvati til langtímahugsunar

Ögmundur nefnir réttilega að auðlindir fylgi eignarrétti að landi. Þannig hefur það verið í þau rúmlega í 1.100 ár sem við höfum búið á þessu landi. Allan þann tíma hafa auðlindir verið í eigu einstaklinga og verið nýttar af þeim. Það er erfitt að gera eitthvað vel, sérstaklega samfleytt í rúmlega 1.100 ár, en heilt á litið hefur þetta bara gengið ljómandi vel. Það hefur enginn meiri hagsmuni af ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlindar heldur en eigandi hennar.

Séreignarréttur skapar hvata til langtímahugsunar. Væntanlega sér Ögmundur fyrir sér að menn eins og hann, stjórnmálamenn, eigi að stýra landi og auðlindum fyrir fólkið. Stjórnmálamenn hugsa hins vegar sjaldnast lengur en til fjögurra ára og sú langtímahugsun fer minnkandi eftir því sem líður á kjörtímabilin. Við verðum að standa vörð um eignarréttinn – eins og við Ögmundur getum rætt yfir kaffibolla.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
**á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Skotsilfur

## Loksins, loksins



Markaðurinn brást skiljanlega vel við kaupum **Úlfars Steindórssonar**, stjórnarformanns Icelandair Group, á hlutabréfum í félaginu fyrir um 100 milljónir króna í fyrradag en til marks um það hafa bréfin hækkað um hátt í sjö prósent eftir að tilkynnt var um kaupin. Úlfari tókst að senda jákvæð skilaboð til markaðarins, ólíkt öðrum stjórnarmönnum og lykilstjórnendum félagsins sem hafa á síðustu vikum keypt bréf fyrir sáralitlar fjárhæðir. Er það mál manna að kaup innherjanna, til dæmis forstjórans, hafi í raun haft þveröfug áhrif og ekki borið vott um mikla trú þeirra á félaginu.

## Stórukeppni



Samkeppniseftirlitið heimilaði loks í lok síðasta mánaðar yfirtöku N1 á Festi eftir langar viðræður. Að sögn kunnugra tafði það helst fyrir málinu að olíufélagið var lengst af ekki reiðubúið til þess að fallast á eitt helsta skilyrði Samkeppniseftirlitsins sem fólst í því að selja frá sér stöðvar Dælunnar. Eldsneytissala umræddra stöðva hefur vaxið hratt á síðustu árum og hafa stöðvarnar skilað afar góðri afkomu. Segir sagan að það hafi ekki verið fyrr en **Eggert Þór Kristófersson**, forstjóri N1, og félagar hafi látið undan kröfu samkeppnisyfirvalda að skriður komst á málið og samruninn var samþykktur.

## Viðskiptatækifæri?



Mikillar óánægju gætir á markaði með þá ákvörðun Kauphallarinnar, sem **Páll Harðarson** stýrir, að hætta að birta lista yfir tuttugu stærstu hluthafa skráðra félaga. Umræddir listar hafa í mörg ár verið birtir á föstudagsmorgnum og heyrir til undantekninga að ekki hafi átt sér stað viðskipti á grunni þeirra strax í kjölfarið. Allir hluthafar eiga aðgang að hluthafaskrám félaga og gæti því falist kjörið viðskiptatækifæri í því að eignast hlutabréf í öllum skráðu félögunum, nálgast upplýsingar um hluthafa þeirra á skrifstofum félaganna, taka þær saman og selja til áhugasamra.

# „Eina tilboðið“ sem dugði til þess að bjarga House of Fraser




Skiptastjórar House of Fraser sögðu í gær að tilboð Sports Direct í bresku verslanakeðjuna hefði verið „eina tilboðið“ sem hefði dugað til þess að bjarga keðjunni frá þroti. Kaup íþróttavörukeðju Mikes Ashley á House of Fraser síðasta föstudag, aðeins tveimur klukkustundum eftir að verslanakeðjan fór í greiðslustöðvun, þykja umdeild en verðið, 90 milljónir punda, er að mati margra óeðlilega lágt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Losað um spennu



**Kristrún Frostadóttir**
aðalhagfræðingur Kviku banka

Húsnæði telst nú til 35% af neyslukörfu almennings samkvæmt Hagstofunni. Hvergi í Evrópu er hlutfallið jafnhátt, og hefur hækkað um tíu prósentustig á fimm árum. Húsnæðis- og kjaraumræður eru því, eðlilega, nátengdar. Ef tekið er mið af lægsta gildi húsnæðisverðs eftir fjármálakreppuna var raunverðshækkun húsnæðis 59% þar til í fyrra – launavísitalan hækkaði um svipaða prósentu á sama tíma. Ísland er í 4. sæti meðal Evrópuþjóða ef litið er til raunverðshækkana húsnæðis frá 2008. Landið situr í því 16. ef leiðrétt er fyrir launahækkunum, samkvæmt Eurostat. Þá var hvergi í Evrópu jafnmikill munur á launahækkunum og kaupmáttaraukningu á tímabilinu 2008-17 og á Íslandi, eða 44 prósentustig. Launþegar hafa mikla hagsmuni af því að tekjuþróun á komandi misserum ýti undir miklar húsnæðisverðshækkanir og dragi úr kaupmætti.

Hagvöxtur síðastliðinna ára hefur verið drifinn áfram af útflutningsgreinum. Ferðaþjónustan hefur verið fyrirferðarmikil og ýtt verulega við byggingageiranum. Um þriðjungur fyrirtækja í byggingageiranum og ferðaþjónustu kvarta enn undan skorti á starfsfólki. Stór hluti vinnuafls í þessum atvinnugreinum er nú af erlendu bergi brotinn. Þó há laun laði fólk að skiptir kaupmátturinn meira máli. Þetta þekkja Íslendingar á eigin skinni. Við eigum mikið undir þeim erlendu einstaklingum sem koma hingað til að starfa, og halda nú m.a. uppi því byggingarstigi íbúðarhúsnæðis sem nauðsynlegt er til að ganga á íbúðaskort og halda aftur af verðhækkunum.

Staðan er ekki einsdæmi í Evrópu. Malta gæti reynst kanarífuglinn í kolanámunni fyrir lönd háð erlendu vinnuafli, en þar hefur mikill ferðamannavöxtur reynt á þanþol örþjóðarinnar síðustu ár. Viðsnúningur varð á viðskiptajöfnuði Möltu árið 2009 og atvinnuleysi nú í sögulegu lágmarki. Á sama tíma hefur húsnæðisverð hækkað umtalsvert, samhliða ferðaþjónustuvexti og fjölgun erlends vinnuafls sem hefur mætt vinnuaflsskorti. Laun hafa hækkað mikið, en þó „aðeins“ um 40% frá 2008, og telja atvinnurekendur sig ekki geta mætt hækkandi húsnæðiskostnaði launþega. Allt hljómar þetta kunnuglega. Þaðan berast nú fréttir um að erlent vinnuafl stoppi styttra en áður sökum kostnaðar, sem setur enn frekari pressu á vinnu- og húsnæðismarkað. Við erum jafnviðkvæm og Maltverjar fyrir slíkri þróun, en hættan er að áframhaldandi umframeftirspurn eftir vinnuafli ýti enn frekar undir víxlverkun launa- og húsnæðisverðshækkana.

Frá því að hagvöxtur tók við sér 2011 hafa heildarlaun á Íslandi hækkað um 41% í byggingageiranum, 50% í ferðaþjónustu en 55% í opinbera geiranum samkvæmt Hagstofunni. Tölurnar sýna að opinberi geirinn hefur leitt launaþróun síðustu ár. Þrátt fyrir umræðu síðastliðinna mánaða um mikilvægi ákveðinna stétta, fer minna fyrir umræðu um að byggingageirinn og ferðaþjónustan hafa mikið um það að segja hvernig lífskjör þróast hér á landi á komandi misserum. Laun hafa hækkað þar minna en ella sökum erlends vinnuafls. En sá hópur finnur fyrir rýrnun kaupmáttar sem felst í húsnæðishækkunum líkt og aðrir hér á landi. Opinberi geirinn finnur lítið fyrir erlendri samkeppni, skapar ekki útflutningstekjur, og byggir ekki húsnæði, og ætti því ekki að leiða launahækkanir í því efnahagsumhverfi sem hér hefur ríkt undanfarin ár. Öll þessi atriði eru undirstaða kaupmáttar í dag. Með því að liðka fyrir umframlaunahækkunum þar sem eftirspurnarpressan hefur verið hvað minnst hefur hagstjórnin brugðist, en slíkar ákvarðanir koma að lokum niður á kaupmætti.

Kaupmáttur Íslendinga, líkt og Maltverja, er samofinn kaupmætti erlends vinnuafls. Hvorugur hópurinn má við miklum húsnæðisverðshækkunum. Opinberi geirinn hefur sýnt slæmt fordæmi í launamálum, ekki er hægt að skafa af því. En spennan verður ekki leyst með því að fylgja fast á eftir með launahækkunum á almenna markaðnum, vegna áhrifa á stærsta kostnaðarlið heimilanna. Á meðan húsnæðisskortur er enn við lýði eru allar líkur á að stór hluti launahækkana leki áfram inn á fasteignamarkaðinn. Grípa þarf til annarra úrræða.

# Varnargarðar



**Bjarnveig Eiríksdóttir**
einn af eigendum VÍK Lögmannsstofu og FKA-félagskona

Evrópuréttinum flæðir óhindraður inn árósa og upp árnar, ekkert getur hindrað hann, svo vitnað sé til frægra ummæla enska dómarans Dennings lávarðar. Víst er það svo að Evrópureglurnar flæða inn í EES-samninginn. Þó er sá varnargarður fyrir hendi hér á landi að reglur EES-samningsins taka ekki gildi fyrr en þær hafa verið lögfestar.

Með EES-samningnum er komið á fjórfrelsi í viðskiptum með vöru og þjónustu, för launþega, sjálfstætt starfandi og fyrirtækja og afnámi hafta á fjármagnsflutninga. Margar EES-tilskipanir og reglugerðir heimila undanþágur frá fjórfrelsinu sem eiga að varna því að opnun markaða geti skaðað innlenda hagsmuni. Hagsmunir atvinnulífsins eru því best tryggðir með því að taka slíkar gerðir sem fyrst upp í EES-samninginn og innleiða án tafar. Hér skiptir máli að frá því að gerðirnar taka gildi í ESB, og jafnvel fyrr, ættu íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar að geta haft nægan tíma til að skoða ætluð áhrif. Það má spyrja um forgangsröðun en undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld ekki náð að lögfesta tilskipanir og reglugerðir tímanlega og eru neðst á frammistöðulista ESA þó staðan hafi batnað.

Það er mikilvægt að vanda til verka þegar settar eru reglur sem snerta vinnumarkaðinn og setja varnargarða þar sem það má. Í lok júní samþykkti Alþingi innleiðingarlög (nr. 75/2018) vegna nýrrar tilskipunar sem hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Það er nýmæli. Lögin breyta m.a. lögum um útsenda starfsmenn og starfsmannaleigur, bæta eftirlit og koma m.a. á keðjuábyrgð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, þ.e. ábyrgð fyrirtækja er nota sér þjónustu erlendra fyrirtækja á vangoldnum lágmarkslaunum, launaþáttum og launatengdum gjöldum.

En góðri innleiðingu lýkur ekki á Alþingi. Tryggja þarf rétta beitingu EES-reglna. Hjá Þjóðskrá tíðkast að skrá einungis sem EES-launþega þá sem afla tiltekinnar lágmarksfjárhæðar launa eða ígildis hennar jafnvel þótt viðkomandi sé í hlutastarfi. Þannig geta atvinnurekendur ráðið „sjálfboðaliða“ sem jafnvel starfa á svörtum vinnumarkaði en er ekki skylt að skrá sig sem EES-launþega hjá Þjóðskrá. Vandséð er að framkvæmd Þjóðskrár standist ákvæði EES-samningsins því einstökum ríkjum er óheimilt að skilgreina einhliða hvað telst vera EES-launþegi. Hér er varnargarður á röngum stað og truflar samkeppni.


HB
HÚSGAGNABANKINN
RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Innskotsborð
Tilboð kr. 38.000
Hliðarborð 90
Tilboð kr. 41.000
Snyrtiborð 100
Tilboð kr. 89.000
Borðstofuborð 180 + 60
Tilboð kr. 139.000
Borðstofustóll
Tilboð kr. 26.000
Blaðgrindarborð
Tilboð kr. 24.000
Blaðgrindarborð
Tilboð kr. 24.000
Blómaborð
Tilboð kr. 25.000
Sófaborð 110
Tilboð kr. 51.000
Skenkur 114
Tilboð kr. 76.000
Vínskápur 112
Tilboð kr. 76.000
Skenkur 120
Tilboð kr. 75.000
Skenkur 145
Tilboð kr. 104.000
Carrera rafknúinn lyftistóll
Sterkt áklæði - 2 mótorar
Tilboð kr. 97.000
Sjónvarpsskápur 135
Tilboð kr. 68.000
Sjónvarpsskápur 122
Tilboð kr. 75.000
Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 94.000
Sjónvarpsskápur 180
Tilboð kr. 89.000
Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 97.000
Bow Fronted 180
Tilboð kr. 173.000
French Curio 70
Tilboð kr. 73.000
Hornskápur 76
Tilboð kr. 66.000
Chippendale 120
Tilboð kr. 127.000
Vanessa 175
Tilboð kr. 174.000
Chippendale 180
Tilboð kr. 199.000
Classico alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 270.000
Portland alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 311.000
Bentley alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 343.000
Bennett 3 + 2,5 sæta
alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 254.000
Opið 13 - 18 virka daga
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 15. ágúst 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Kerfisbreytinga er þörf

**Fáir fetta fingur** út í það að lyfjafyrirtæki hagnist á því að bæta líf þeirra veiku. Að sama skapi eru ekki oft gerðar athugasemdir við það að þeir sem þróa tækjabúnað til lækninga reyni að gera það með arðbærum hætti. Hagnaðarvon hefur knúið áfram stórkostlegar framfarir og leitt til þess að fjölmörg lyf og lífsnauðsynleg lækningatæki gera kraftaverk. Oft á viðráðanlegu verði. Samt sem áður er uppi sú krafa hér á landi frá sumum um að hið opinbera annist nær alla heilbrigðisþjónustu. Viðkvæðið er að gróðapungar muni smyrja ofan á verðið og draga úr þjónustu til þess að kreista fram hagnað. Af þeim sökum hljóti þjónustan að vera betri og ódýrari í höndum opinberra starfsmanna.

**Það er rangt.** Ef svo væri raunin hefðu ríkisstjórnir á Vesturlöndum undir höndum víðfeðman rekstur lyfjaverksmiðja til að tryggja gæði og hagkvæmt verð fyrir landsmenn. Hinu opinbera er nefnilega ekki refsað fyrir óhagkvæman rekstur eða dapra heilbrigðisþjónustu. Það siglir sinn sjó. Fyrirtækjum er hins vegar refsað réttilega fyrir slíkt og eiga það á hættu að verða gjaldþrota. Þar skilur á milli feigs og ófeigs. Þess vegna munu fyrirtæki að meðaltali ávallt standa sig betur en hið opinbera. Það ætti að vera keppikefli að heilbrigðisþjónustu verði í meiri mæli komið í einkarekstur. Það þarf að skapa sátt um að hið opinbera greiði fyrir tiltekna þjónustu, hvort sem það er að hluta eða öllu leyti, en einkaframtakið veiti hana.

**Heilbrigðisþjónusta** er stærsti útgjaldaliður hins opinbera. Á komandi árum mun sá kostnaður aukast vegna þess að þeir sem eldri eru munu lifa lengur. Ef ekki verður gripið í taumana munu þau útgjöld vaxa á sama tíma og færri verða á vinnumarkaði til að standa undir auknum kostnaði. Um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir yngri landsmenn sem of sjaldan er varpað ljósi á. Þeim þykir nú þegar flestum ærið verkefni að koma þaki yfir höfuðið og standa straum af öðrum útgjöldum sem fylgja nútíma fjölskyldulífi. Það verður ekki léttara með aukinni skattbyrði.

**Það þarf** því kerfisbreytingu í heilbrigðisþjónustu – ekki einvörðungu til að knýja fram hagræði og bætta þjónustu heldur ekki síður til að leita leiða til að draga úr skattbyrði sem mun fara vaxandi vegna hækkandi meðalaldurs landsmanna. Annað er vítavert skeytingarleysi gagnvart þeim sem yngri eru og munu bera byrðarnar.

# Hagnaður Logos dróst saman um 14 prósent

Hagnaður Logos, stærstu lögmannsstofu landsins, nam 493 milljónum króna í fyrra og dróst saman um tæplega 14 prósent frá fyrra ári þegar hann var 570 milljónir.

Samtals námu tekjur lögmannsstofunnar 2.011 milljónum króna á síðasta ári og minnkuðu um ríflega 230 milljónir króna á milli ára. Rekstrargjöld Logos voru um 1.258 milljónir króna í fyrra og drógust saman um hátt í 75 milljónir króna frá fyrra ári. Munaði þar mestu um 44 milljónum lægri launagreiðslur en launagreiðslur lögmannsstofunnar námu alls 797 milljónum króna í fyrra. Störfuðu 75 manns í 67 heilsársstöðugildum hjá stofunni á árinu.

Í hópi eigenda Logos eru meðal annars hæstaréttarlögmennirnir Óttar Pálsson, Þórólfur Jónsson og Guðmundur Oddsson, sem stýrir starfsemi félagsins í London. – **kij**



**Óttar Pálsson, einn eigenda Logos.**

**10.08.2018**



**Það liggur auðvitað fyrir að þegar land er orðið dýrast eða með þeim dýrustu hefur það auðvitað áhrif á samkeppnishæfni þegar kemur að verðlagi.**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra






HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**EINB. TIL LEIGU Á ÞINGEYRI**
Til leigu á Þingeyri, Vestfjörðum, rúmgott 137 fm. einbýli með 4 svefnherb. Ný uppgert að innan. Langtíma- eða skammtímaleiga kemur til greina. Leiga pr. mán. 125 þús. + rafmagn og hiti. Laust í september. Upplýsingar í tölvupósti á: thingeyri2015@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Atvinna í boði

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**SMIÐUR/UPPMÆLING**

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu (greitt samkv.mælingartaxta) og nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

KJÖT HÖLLIN

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Kjötvinnsla Kjöthallarinnar Skipholti 70 óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa.
Reynsla af kjötútskurði eða annarri matvælavinnslu æskileg.
Möguleiki er á hlutastarfi.
Vinnutími eftir samkomulagi.
**Upplýsingar veitir Björn Christensen í síma 553 1270.**
**Umsóknir má senda á kjothollin@kjothollin.is**

## Tilkynningar

## Tilkynningar



**ÞESSI SKVÍSA FAGNAR 40 ÁRUM Í DAG !**
TIL HAMINGJU með daginn þinn, njótt'ans :) Smellið á hana knúsi í tilefni dagsins.

## Atvinna

Jói Fel
BAKARÍ

## Vanur bókari óskast í 50% starf.

Hjá Jóa Fel óskar eftir vönum bókara í 50% starf.
Um er að ræða fjárhags- viðskiptamann- og lánadrottnabókhald ásamt launavinnslum.
Afstemmingar og undirbúningur bókhalds til endurskoðanda.
Æskilegt er að umsækjandi sé viðurkenndur bókari með góða þekkingu og reynslu.
Þekking á DK hugbúnaði væri kostur.

**Umsóknir sendist á atvinna@frettabladid.is merkt „Bókari" fyrir 20. ágúst.**

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

## Fasteignir

# HÚSASALAN




## Logafold 165 - OPIÐ HÚS

Fallegt 236,2 fm raðhús á tveimur hæðum með 33,2 fm innbyggðum bílskúr. Góðar stofur með svaladyrum út á suðurverönd með hitaveitupotti og fallegum afgirtum suðurgarði, tvö baðherbergi, fimm stór herbergi, fataherbergi, sjónvarpsstofa, svalir á efri hæð. Húsið er mikið endurnýjað m.a. nýjar flísar, innfelld lýsing o.fl. Frábær staðsetning. **Verð 79,9 m.**

**Opið hús á morgun fimmtudaginn 16. ágúst n.k. kl. 16.45 – 17.30. – VERIÐ VELKOMIN –**

**Geir Sigurðsson**
**s: 655-9000**
**löggiltur fasteignasali**

FÉLAG FASTEIGNASALA

**Aðalsteinn Steinþórsson**
**s: 896-5865**
**löggiltur fasteignasali**

**Traust þjónusta.**

**Síðumúla 33 - 537-9000**
**husasalan.is - husasalan@husasalan.is**

## Þjónusta

# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



## Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

**Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.**

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | handafl.is














# Íbúðir til sölu

- 2 herb íbúðir frá 70 fm
- 3 herb íbúðir frá 80 - 117 fm
- 4 herb íbúðir frá 127 fm
- Verð frá 37,9 miljónum kr.
- Allar íbúðir með sérinngangi og þvottaherbergi
- Útsýnisíbúðir með m.a. útsýni yfir Elliðavatn og Heiðmörk
- Allar íbúðir með stórum skjólsælum svölum og því nægt pláss fyrir grillið og útihúsgögnin
- Fullbúnar Íbúðir með gólfefnum, parketi og flísum, eldhústækjum, ísskápi og uppþvottavél
- Hverri íbúð fylgir 1-2 stæði í bílakjallara. Lyftur beint úr bílakjallara uppá hæðir
- Íbúðirnar eru tilbúnir til afhendingar
- Fullbúin sýningaríbúð

FLOTGÓLF
BYGGINGAVERKTAKAR

Traustur byggingaraðilli

# VALL
# 6A o

## ÖLL ÞJÓNUSTA Í GÖNGUFÆRI

**VERSLUN**
Matvöruverslun
í 50 metra fjarlægð

**LEIKSKÓLI**
Leikskólinn Kór
í 200 metra fjarlægð

**GRUNNSKÓLI**
Hörðuvallaskóli
í 200 metra fjarlægð

**GOLFVÖLLUR**
GK Golfvöllurinn
í 4 km fjarlægð














# AKÓR
# g 6B

DOMUSNOVA Fasteignasala

Nýbílavegur 8 | Kópavogur | S: 527-1717 | domusnova.is

Snorri Björn Sturluson
Sími: 699-4407
snorri@domusnova.is

EIGNASTOFAN FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúla 29 | Reykjavík | S: 537-7500 | eignastofan.is

Kristinn B. Ragnarsson
Sími 898-4125
kristinn@eignastofan.is

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

Borgartún 30 | Reykjavík | S: 535-000 | stakfell.is

Ólafur H. Guðgeirsson
Sími: 663-2508
olafur@stakfell.is

**ÚTIVISTARSVÆÐI**
Elliðavatn, Heiðmörk og Vífilstaðarvatn í 2-3 km fjarlægð

**LÍKAMSRÆKT**
Líkamsræktarstöð í 2,5 km fjarlægð

**HESTHÚS**
Hesthús í 200 metra fjarlægð

**SUNDLAUG**
Salalaug í 2,5 km fjarlægð

**ÍÞRÓTTASVÆÐI**
Íþróttamiðstöðin Kór í 50 metra fjarlægð

**ELDRI BORGARAR**
Afþreying fyrir eldri borgara við íþróttamiðstöðina Kór

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg austlæg átt í dag en norðaustan 8-13 norðvestan til um tíma nálægt hádegi. Víða dálítil rigning eða skúrir en úrkomulítið suðvestanlands í kvöld. Hiti 7 til 14 stig.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↓6 | 7° ↙7 | 7° ↘6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° ↓5 | 15° ←1 | 7° ↓7 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ←5 | 5° ↙8 | 6° ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° ↗3 | 9° ←4 | 7° ↙7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. rýr
5. óvissa
6. undan
8. labb
10. tveir eins
11. samtök
12. úrgangur
13. högg
15. spilasort
17. kvk nafn

**LÓÐRÉTT**
1. horast
2. mjög
3. áfengi
4. fjasa
7. stærðfræðihugtak
9. gerði
12. hugsa
14. tæfa
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. magur, 5. efi, 6. af, 8. gangur, 10. rr, 11. así, 12. hrat, 13. stuð, 15. tígull, 17. karla.
**LÓÐRÉTT:** 1. megrast, 2. afar, 3. gin, 4. rausa, 7. fritala, 9. garður, 12. huga, 14. tík, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Koz átti leik gegn Stern í Saratov árið 1990.

**Svartur á leik**

**1. ... Hxe2! 2. Hxe2 Rg3+ 0-1.** Meistaramót Stofunnar fer fram í kvöld. Hægt er að lesa allt um mótið á skak.is. Þar er einnig sagt frá tíðindum frá St. Louis þar sem ofurmót er í gangi.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Fyrstu hittingarnir á LARP námskeiði Nexus snúa að undirbúningi en síðan verður LARPað úti í leyniskógi sem þátttakendur fá upplýsingar um þegar nær dregur. Á námskeiðinu má læra allt um LARP með aðstoð reyndra LARPara. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hvað Hvenær Hvar Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** Tómas R. Einarsson & Eyþór Gunnarsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Það er eitthvað stórfenglegt við það að heyra Tómas og Eyþór spila djass saman og hlustandinn þarf bara að njóta stundarinnar og hlusta. Eins og gagnrýnandinn C. Michael Bailey skrifar: „Innst inni tengist ekki ákveðnu þjóðerni eða tónlistarlegum uppruna. Það er einfaldlega bara tónlist … einföld og róandi.

**Hvað?** ORBIT - Snorri Hallgrímsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Útgáfutónleikar Orbit eftir Snorra Hallgrímsson. Snorri hefur í gegnum tíðina unnið í nánu samstarfi við Ólaf Arnalds en Orbit er fyrsta sólóplata hans. Platan kom út 15. júní hjá Moderna Records við frábærar undirtektir. Platan verður flutt í heild sinni í nýrri útsetningu en með Snorra á sviðinu verður einvalalið frábærra hljóðfæraleikara. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Miðaverð er 2.500kr. við innganginn.

### Ráðstefna

**Hvað?** Kynjajafnrétti í íþróttum
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** HR
Dagana 15.-17. ágúst fer fram ellefta árlega ráðstefna fjölþjóðlega hópsins um rannsóknir á kynferði og íþróttum. Skráningarupplýsingar o.fl. er að finna á vef ráðstefnunnar: https://en.ru.is/gender-and-sport/

### Viðburðir

**Hvað?** Cocktail popup á KRYDD
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Krydd, Strandgötu 34
Dagana 15.-19. ágúst verður Andri Davíð Pétursson með POP-up kokteilseðil á Kryddi restaurant í Hafnarfirði. Andri er fyrsti sigurvegari World Class Bartender of the year á Íslandi og keppti fyrir Íslands hönd í Miami árið 2016. Andri hefur sýnt og sannað að hann er einn af okkar fremstu barþjónum og mun hann ásamt hæfileika ríkum barþjónum Krydds töfra fram einstaklega bragðgóða kokteila sem allir eiga það sameiginlegt að vera undir áhrifum af villtum íslenskum kryddjurtum.

**Hvað?** Hraðstefnumót
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loftið, Bankastræti

**Hvað?** Tímaat bíla - hringakstur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kvartmílubrautin
Brautarakstur í tímaati bíla verður haldinn miðvikudaginn 15. ágúst, Mæting kl. 18.30 en þá hefst skráning og keyrt verður til kl. 22.00. Til að taka þátt þarftu að hafa: Hjálm, gilt ökuskírteini, skoða tæki, vera félagsmaður í félagi innan vébanda AKÍS, tryggingarviðauka Verð: 2.500 kr. fyrir félagsmenn KK. Inneignir á félagsskírteinum nýtast á móti æfingagjaldi 5.000 kr. fyrir félagsmenn annarra klúbba.

**Hvað?** Leiðsögn um Kópavogskirkju og steint gler
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kópavogskirkja
Hádegisleiðsögn um Kópavogskirkju með sr. Sigurði Arnarsyni sóknarpresti. Mun hann fræða gesti um steinda glugga Gerðar Helgadóttur sem prýða Kópavogskirkju ásamt því að gefa innsýn í framkvæmdir sem standa nú yfir á gluggum suðurhliðar kirkjunnar. Hluti glugganna hefur þegar verið tekinn niður og sendur til viðgerðar til Oidtmann bræðra í Þýskalandi, sem er sama glerverkstæði og Gerður vann með í lifanda lífi. Gerður lærði í París í hinu þekkta Barillet verkstæði. Víða má sjá steind glerlistaverk eftir Gerði, bæði erlendis og hérlendis svo sem eins og í Skálholtskirkju. Að lokinni leiðsögn er tilvalið að skoða sýninguna Gerður: Yfirlit sem stendur nú yfir í Gerðarsafni. Á sýningunni er sjónum beint að fjölbreyttum listferli og ævi Gerðar, allt frá námsárum hennar til síðustu æviára, en hún lést fyrir aldur fram aðeins 47 ára gömul. Leiðsögnin er liður í dagskránni Menning á miðvikudögum á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Námskeið

**Hvað?** LARP námskeið
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Nexus, Nóatúni
LARP námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Á námskeiðinu lærum við allt um LARP með aðstoð reyndra LARPara. Frábært tækifæri til þess að taka þátt í spunaspili í raunheimum. Fyrstu hittingarnir snúa að undirbúningi og síðan munum við LARPa úti í leyniskógi sem þið fáið upplýsingar um þegar nær dregur. Seinna LARP námskeið af tveimur í sumar svo grípið tækifærið :)

**Hvað?** Smiðja fyrir börn um danska menningu
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Amtsbókasafnið, Stykkishólmi
Á Dönskum dögum verður föndursmiðja fyrir börn á amtsbókasafninu þar sem unnið verður með verk danskra rithöfunda og danska menningu á skapandi hátt. Föndursmiðjan er haldin dagana 14. og 15. ágúst kl. 14.00-16.00. Afrakstur smiðjunnar verður svo sýndur á sérstakri opnun, föstudaginn 16. ágúst kl. 14.00-17.00. Þátttaka er ókeypis.






# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína Langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Grand Designs
**11.50** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.00** Olive Kitteridge
**14.05** The Path
**15.00** The Night Shift
**15.45** Besti vinur mannsins
**16.05** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**16.30** Leitin að upprunanum
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Mom
Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu.
**19.55** The New Girl
**20.20** The Bold Type
**21.05** Greyzone
Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í miðri hringiðu atburðarásarinnar. Á meðan reynir á krafta og samvinnu sænsku öryggislögreglunnar eða SAPO og dönsku félaga þeirra í PET en það er undir þeim komið að reyna að koma í veg fyrir áform hryðjuverkahópsins auk þess að bjarga Victoriu.
**21.50** Nashville
**22.35** Orange Is the New Black
**23.30** NCIS
**00.10** Lethal Weapon
**00.55** Animal Kingdom
**01.40** StartUp
**02.25** Tin Star
**03.15** Tin Star
**04.00** Gone
**04.45** Gone

### STÖÐ 2 SPORT

**09.30** Fyrir Ísland
**10.05** Goðsagnir - Hörður Magnússon
**10.40** Pepsi-mörkin 2018
**12.00** Liverpool - West Ham
**13.40** Arsenal - Manchester City
**15.25** Southampton - Burnley
**17.05** Messan
**18.05** Premier League Review 2018/2019
**19.00** Stjarnan - FH
**21.10** NFL Hard Knocks 2018
**22.00** Pepsi-mörkin 2018
**23.20** Real Madrid - Atletico Madrid

### STÖÐ 2 SPORT 2

**09.25** Pepsi-mörk kvenna 2018
**10.25** Víkingur - Breiðablik
**12.05** FH - ÍBV
**13.55** Fylkir - Stjarnan
**15.40** Pepsi-mörkin 2018
**17.00** ÍA - Fram
**18.45** Real Madrid - Atletico Madrid
**20.55** Messan
**21.55** Premier League Review 2018/2019
**22.50** PL Match Pack 2018/2019
**23.20** Stjarnan - FH

### STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** The Newsroom
**22.10** The Hundred
**22.55** Famous in Love
**23.35** The Detour
**00.20** Last Man Standing
**00.45** Seinfeld
**01.10** Friends
**01.35** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Hvellur keppnisbíll
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.54** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Hvellur keppnisbíll
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.54** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Hvellur keppnisbíll
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Frummaðurinn



### GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Championship 2018
**13.40** Golfing World 2018
**14.30** Inside the PGA Tour 2018
**14.55** PGA Championship 2018
**20.05** Golfing World 2018
**20.55** PGA Special: This is Mackenzie Tour
**21.30** Marathon Classic
**23.55** Golfing World 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** Tumbledown
**13.30** The Edge of Seventeen
**15.15** Flying Home
**16.50** Tumbledown
**18.35** The Edge of Seventeen
**20.20** Flying Home
**22.00** Arrival
Mögnuð mynd frá 2016 með Amy Adams, Jeremy Renner og Forest Whitaker í aðalhlutverki. Þegar tólf geimskip koma óvænt til jarðar er málvísindakonunni Louise Banks ásamt vísindamönnum á öðrum sviðum falið að ná sambandi við geimverurnar.
**23.55** Keeping Up with the Joneses
**01.40** Fathers & Daughters
**03.35** Arrival

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**14.05** Á meðan ég man
**14.35** Sagan bak við smellinn
**15.05** Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**15.30** Útúrdúr
**16.20** Á tali við Hemma Gunn
**17.05** Vesturfarar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Tré-Fú Tom
**18.22** Krakkastígur
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Hásetar
**19.55** Með okkar augum
**20.30** Símamyndasmiðir
**21.00** Hundalíf
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Andlit norðursins
**23.50** Louis Theroux: Heróínborgin
**00.50** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**11.35** Everybody Loves Raymond
**12.00** King of Queens
**12.25** How I Met Your Mother
**12.50** Dr. Phil
**13.35** Black-ish
**14.00** Rise
**14.50** Solsidan
**15.15** Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** American Housewife
**20.10** Einvígið á Nesinu 2018
**21.00** The Resident
**21.50** Quantico
**22.35** Elementary
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** Touch
**01.30** Station 19
**02.15** Instinct
**03.05** How to Get Away with Murder
**03.50** Zoo
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |




2 GREYZONE
KL. 21:00
Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.




Frábær miðvikudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is

2 THE BOLD TYPE
KL. 20:15
Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar.



2 NASHVILLE
KL. 21:45
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.





2 ORANGE IS THE NEW BLACK
KL. 22:30
Sjötta serían af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.

2 BÍÓ ARRIVAL
KL. 22:00
Þegar tólf geimskip koma óvænt til jarðar er málvísindakonunni Louise Banks falið að ná sambandi við geimverurnar og komast að ástæðunni fyrir heimsókn þeirra.



3 THE NEWSROOM
KL. 21:15
Fyrsti þáttur
Önnur serían af þessum dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


HVAR ENDA
ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is
Brandenburg | SÍA




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 69.900 |
| 90 x 200 cm | 79.990 |
| 90 x 210 cm | 82.900 |
| 100 x 200 cm | 84.900 |
| 120 x 200 cm | 94.990 |
| 140 x 200 cm | 104.990 |
| 160 x 200 cm | 124.990 |
| 180 x 200 cm | 139.990 |
| 180 x 210 cm | 149.990 |
| 200 x 200 cm | 154.990 |




Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á

**www.simba.is**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

LÍKA Á SUMRIN!

**89%** af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ




Baldur, Eddi og Haukur Viðar reiða dómarahamarinn á loft einu sinni í viku og dæma alls konar, eins og munnhörpu og kex. Hægt er að fylgjast með þeim drengjum og hafa áhrif á málefnin í gegnum Facebook-síðuna domsdagur.is.

# Dæma hluti sem aldrei hafa verið dæmdir

Þeir **Baldur**, **Haukur** og **Eggert** setjast niður vikulega og dæma hluti, sem hafa aldrei verið dæmdir, í hlaðvarpinu Dómsdagur.

Spurningin er líka af hverju finnst okkur eðlilegt að kvikmyndir, leikverk og hljómplötur séu gagnrýndar en ekki kex eða te,“ segir Haukur Viðar Alfreðsson sem er hluti af hlaðvarpinu Dómsdagur sem finna má á öllum helstu hlaðvarpsveitum veraldarvefsins.

Með honum eru Eggert Hilmarsson og Baldur Ragnarsson sem kom með hugmyndina að byrja með hlaðvarp. „Þetta er hugmynd sem ég fékk og var eiginlega fyrst og fremst hugsuð sem afsökun fyrir því að hitta Hauk og Edda reglulega þar sem þeir eru tveir af þeim fyndnustu mönnum sem ég hef hitt á ævinni. En af hverju ákváðuð þið tveir að játa því að taka þátt í þessu?“

**Eddi:** „Þú bara sagðir að við ættum að gera það.“

**Haukur:** „Já, við fengum enga valkosti.“

**Eddi:** „Svo hafði ég ekki hugmynd um hvað þú værir að tala um og var forvitinn. Og svo var þetta bara fín hugmynd. Alls konar drasl er búið að liggja óbætt hjá garði í mörg ár og það var kominn tími á gagnrýni.“

**Baldur:** „Beisiklí þá ákvað ég þetta og þið gátuð ekki sagt nei því ég er svo ágengur.“

**Haukur og Eddi:** „Jebb.“

Aðspurðir af hverju þeir fóru með þáttinn í hlaðvarpsform (podcast) en ekki í útvarp segja þeir að það sé listrænt frelsi að vera í hlaðvarpi. **Haukur:** „Það er líka stressandi að vera í útvarpi, maður þarf að mæta á ákveðinn stað á ákveðnum tíma en ekki í hlaðvarpinu. Þetta er voða næs, maður þarf ekki einu sinni að vera í buxum.“

**Baldur:** „Svo höfum við líka verið að hlusta á hlaðvörp og þetta er skemmtilegt form, þetta þarf ekki að vera eins stílhreint og undirbúið og útvarpsþáttur.“

**Eddi:** „Og svo er enginn yfir manni að ritstýra og skipta sér af því hvernig þetta er allt saman.“

**Baldur:** „Já, það er fyrst og fremst þetta listræna frelsi sem er að gera þetta fyrir þig Eddi?“

**Eddi:** „Já, listrænt frelsi er það sem ég er að sækjast eftir.“

**Haukur:** „Svo erum við ekki bundnir af auglýsingatímum. En við myndum svo sem ekkert hata það ef fólk vildi gefa okkur drasl gegn því að við auglýstum það.“

**Eddi:** „Nei, mig vantar einmitt nýja sokka.“

Facebook-síðan þeirra hefur klifið hratt upp metorðastigann en þar geta hlustendur tekið þátt. „Á vefsíðunni www.domsdagur.com er hægt að finna þættina og gefa sínar eigin stjörnur í kosningakerfi sem góðvinur okkar Guðmundur Stefán Þorvaldsson smíðaði fyrir okkur,“ segir Baldur.

Þeir félagar hafa dæmt ýmislegt eins og skegg, heiðlóu, Bounty, morgunmat og rúsínur. En sú niðurstaða sem hefur komið mest á óvart er?

**Haukur:** „Það að þið hafið ekki gefið kexi fullt hús.“

**Eddi**: „Það að vatn hafi ekki fengið fullt hús frá öllum.“

**Baldur:** „Þú gafst vatni 4,5 stjörnur, Eddi.“

**Eddi:** „Nú?“

**Baldur:** „Það sem hefur komið mér mest á óvart er þegar það kom í ljós að Haukur veit ekki hvernig heiðlóan lítur út. Það er ótrúlegt.“

**Haukur:** „Það er ekkert ótrúlegt þegar þú ert úr Garðabæ.“

**Baldur:** „Nei, kannski ekki, ég hef bara aldrei verið úr Garðabæ.“

**benediktboas@frettabladid.is**



**Skegg er meðal þess sem hefur verið dæmt í þættinum. Var með 3,62 í meðaleinkunn.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*


BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# NÝR BÆKLIN

## EINN LENGSTI TÖLVUBÆKLINGUR




15. ágúst 2018 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# GUR LENTUR

## LANDSINS FULLUR AF SKÓLATÖLVUM




# TÖLVUTEK

Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Lífið gæti verið hljóðritað

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um myndavélaeftirlit í sjávarútvegi til að fylgjast með hvort verið sé að brjóta lög. Gert er ráð fyrir að myndavélar fylgist með starfsfólki og vinnu þess um borð í fiskiskipum, höfnum, flutningatækjum, fiskvinnslum auk þess sem Fiskistofa mun reka flota af fjarstýrðum loftförum.

Verði frumvarpið að lögum er brotið blað í sögu eftirlitsiðnaðarins á Íslandi þar sem þessar tillögur eru af áður óþekktum skala. Samtök atvinnulífsins sögðu í umsögn sinni að enginn vafi væri á að næðu þessi áform fram að ganga myndu þau verða fyrirmynd annarra eftirlitsstjórnvalda og innan fárra ára gætu Íslendingar búið við eftirlitsþjóðfélag af áður óþekktri gerð.

Af hverju ætti þetta bara að gilda um sjávarútveginn? Mætti ekki t.d. líka sjá fyrir sér að Vinnueftirlitið væri með myndavélar á vinnustöðum til að tryggja að lögum væri fylgt þar? Til dæmis að allir væru örugglega að lyfta þungum hlutum með hnjánum, en ekki bakinu. Samkeppniseftirlitið gæti verið með myndavélar til að fylgjast með fólki sem tekur ákvarðanir um verð á vöru og þjónustu til að koma í veg fyrir samráð. Fjármálaeftirlitið gæti dekkað Borgartúnið með loftförum. Er einhver eðlismunur á þessu?

Eða kannski er bara einfaldast að ríkið fylgist með okkur öllum frá vöggu til grafar. Það mætti jafnvel slá tvær flugur í einu höggi og bæta kjör ljósmæðra með því að fela þeim aukin verkefni. Þær gætu einfaldlega tilkynnt öllum við fæðingu: „Vinsamlega athugið að lífið gæti verið hljóðritað.“







